



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



MENNTAMÁLASTOFNUN

## Ytra mat grunnskóla: Mat á þróunarverkefni 2013-2015

Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Menntamálastofnun

September 2016

Björk Ólafsdóttir



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Lykilniðurstöður.....	5
Fyrri hluti – niðurstöður kannana.....	5
Síðari hluti – niðurstöður rýnihópaviðtala .....	6
Ytra mat á grunnskólum: Bakgrunnur, lýsing og staða.....	7
Bakgrunnur ytra mats.....	7
Stutt lýsing á framkvæmd ytra mats .....	7
Staða við lok þróunarverkefnis.....	8
Aðferð.....	9
Niðurstöður – fyrri hluti .....	10
Niðurstöður kannana til skólastjóra, kennara og fulltrúa sveitarfélaga.....	10
Skólastjórar og kennarar .....	10
Skólastjórar.....	18
Kennarar .....	28
Fulltrúar sveitarfélaga .....	32
Niðurstöður - síðari hluti .....	36
Niðurstöður rýnihópa með fulltrúum ráðuneytis, sveitarfélaga og matsaðila. ....	36
Endurskoðun viðmiða.....	36
Framkvæmd ytra mats .....	37
Matsaðilar.....	39
Val á skólum til þátttöku .....	39
Matsskýrslur .....	40
Kynningar á niðurstöðum .....	41
Eftirfylgni niðurstaðna .....	41
Framhald ytra mats .....	42
Umræður og ábendingar .....	44
Heimildir .....	46



## Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á þróunarverkefni um ytra mat á grunnskólum sem staðið hefur frá 2013 og lýkur í árslok 2016. Þróunarverkefni ytra mats er fjármagnað af mennta- og menningarmálaráðuneyti og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Framsetning skýrslunnar er með eftirfarandi hætti. Á eftir inngangi er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í nokkrum punktum. Því næst er stutt lýsing á bakgrunni og framkvæmd ytra matsins. Þá er fjallað um aðferðir við matið og loks eru niðurstöður kynntar. Niðurstöður eru settar fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta niðurstöðukaflans er fjallað um niðurstöður kannana sem lagðar voru fyrir skólastjóra og kennara í þeim skólum sem tóku þátt í þróunarverkefninu árin 2013, 2014 og fyrri hluta árs 2015. Kannað var viðhorf þeirra til áhrifa ytra matsins á lykilkættina þrjá: Stjórnun, nám og kennslu og innra mat. Einnig er gerð grein fyrir niðurstöðum kannana sem sendar voru til formanna fræðslunefnda eða fræðslustjóra/-grunnskólafulltrúa í þeim 19 sveitarfélögum sem annast rekstur og/eða eftirlit með þeim grunnskólum sem tóku þátt í þróunarverkefninu. Kannað var viðhorf þeirra til ytra matsins og spurt um eftirfylgni og stuðning við umbótaáðgerðir skóla. Í síðari hluta niðurstöðukaflans er gerð grein fyrir niðurstöðum fjögurra rýnihópaviðtala þar sem könnuð voru viðhorf fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis, sveitarfélaga og matsaðila til aðferðafræði ytra matsins og framkvæmdar þess. Einnig var spurt um matsviðmið, úttektarskýrslur, nýtingu gagna, eftirfylgni og samstarf ráðuneytis og sveitarfélaga. Í lok skýrslunnar eru ábendingar dregnar fram sem hafa má til hliðsjónar við frekari þróun á ytra matinu.

Markmið mats á þróunarverkefninu er tvíþætt. Annars vegar að kanna áhrif ytra matsins á innra mat, nám og kennslu og stjórnun í skólum sem metnir voru frá ársbyrjun 2013 og fram til vors 2015. Hins vegar að fá fram ábendingar um hvernig lagfæra megi fyrirkomulag og framkvæmd ytra matsins. Niðurstöður verða notaðar til að endurskoða ytra matið og styðja við frekari ákvarðanir um framhald þess.

## Lykilniðurstöður

### Fyrri hluti – niðurstöður kannana

Almennt sýna niðurstöður kannana<sup>1</sup> meðal skólastjóra, kennara og fræðslufulltrúa sveitarfélaga frekar jákvætt viðhorf til ytra matsins og áhrifa þess:

- Allir skólastjórnarnir (100%) og nánast allir kennararnir (90%) töldu að ytra matið og niðurstöður þess hafi komið að nokkru eða miklu gagni fyrir skólann.
- Allir skólastjórnarnir (100%) og flestir kennararnir (80%) voru sammála að niðurstöður ytra matsins hafi nýst til skólaþróunar.
- Um sjö af hverjum tíu skólastjórum (73%) voru sammála að niðurstöður ytra matsins hafi nýst skólanum til að bæta skólabrag.
- Meirihluti kennara (65%) taldi að umbótaáætlunir í kjölfar ytra matsins hafi haft jákvæð áhrif á skólastarfið.
- Nánast allir fræðslufulltrúar sveitarfélaganna (94%) töldu að niðurstöður ytra matsins hafi nýst til umbóta í skólanum/skólunum.
- Meira en helmingur skólastjóra (64%) og kennara (63%) voru sammála að ytra matið hafi leitt til þess að innra mat skólans var eflt.
- Átta af hverjum tíu skólastjórum (80%) sem gátu svarað<sup>2</sup> voru sammála fullyrðingunni að þeir verðu meiri tíma í innra mat skólans í heild sinni eftir að ytra matið fór fram.
- Af þeim skólastjórum sem gátu svarað fullyrðingu um að niðurstöður ytra matsins hafi leitt til bættra stjórnunarháttanna í skólanum voru átta af hverjum tíu (83%) henni sammála.
- Flestir skólastjórnanna (82%) og meirihluti kennara (60%) voru sammála þeirri fullyrðingu að niðurstöður ytra matsins hafi leitt til endurskoðunar kennsluhátta í skólanum.
- Rúmlega einn af hverjum tíu kennurum (13%) sagðist hafa breytt kennsluháttum sínum mikið í kjölfar ytra matsins, sjö af hverjum tíu (68%) breyttu kennsluháttum sínum lítils háttar og tveir af hverjum tíu (19%) breyttu kennsluháttum sínum ekkert.
- Flestir skólastjórnarnir (82%) svöruðu að þeir þekktu viðmiðin og vísbendingarnar sem Menntamálastofnun notar til að meta skóla og nánast allir (91%) sögðust nota þau til hliðsjónar við að meta eigin starfshætti. Aftur á móti svaraði rétt rúmlega helmingur kennara (54%) að hann þekkti viðmiðin og vísbendingarnar og svipaður fjöldi (51%) sagðist nota þau til hliðsjónar við að meta eigin starfshætti. Af fræðslufulltrúum sveitarfélaga sögðust níu af hverjum tíu (88%) þekkja viðmiðin og vísbendingarnar.
- Þegar skólastjórnar voru spurðir um hvort fræðslufyrirvöld í sveitarfélaginu hafi fylgst með hvernig gengi að vinna að umbótum svöruðu ríflega helmingur (54%) að þau hafi fylgst að nokkru eða miklu leyti með. Nánast allir fræðslufulltrúar sveitarfélaganna (94%) svöruðu hins vegar að þeir hafi fylgst að nokkru eða miklu leyti með hvernig skólanum/skólunum gengi að vinna samkvæmt umbótaáætlun.

Athugið að yfirlitið sýnir aðeins lítinn hluta þeirra niðurstaðna sem fjallað er um í skýrslunni.

<sup>1</sup> Gerð er grein fyrir framkvæmd og svarhlutfalli í könnun í kaflanum „Aðferð“ bls. 9 í skýrslunni.

<sup>2</sup> Ekki voru allir skólastjórnarnir starfandi sem skólastjórnar í viðkomandi skóla þegar ytra matið fór fram.

## Síðari hluti – niðurstöður rýnihópaviðtala

- Þátttakendur í rýnihópum voru á einu máli um mikilvægi þess að ytra mat á grunnskólastarfi, í því formi að fara inn í skólana og skoða starfið, héldi áfram. Voru þeir einnig einróma um þýðingu þess að framhald yrði á samstarfi ráðuneytis og sveitarfélaga um matið en brýnt væri að taka sem fyrst ákvörðun til framtíðar um stjórn og fjármögnun verkefnisins. Áréttuðu þeir gildi þess að árlegum úttektum yrði fjölgað til að heildstæðari mynd fengist af grunnskólastarfi í landinu.
- Í öllum rýnihópum var lögð áhersla á að endurskoða þyrfti viðmið og vísbendingar fyrir ytra mat á grunnskólum. Í því samhengi var t.d. bent á að setja mætti markið hærra, bæta þyrfti við viðmiðum fyrir fleiri þætti í skólastarfi, jafna vægi vísbendinga og taka viðmið um gæði kennslustunda til athugunar.
- Ábendingar komu fram sem lúta að breytingum á framkvæmd ytra matsins og snúa þær t.d. að því að endurskoða framkvæmd kennslustundaathugana, auka vettvangsathuganir aðrar en kennslustundaathuganir, virkja skólastjórnendur til þátttöku í mati og senda út spurningalista í aðdraganda matsins.
- Fulltrúar sveitarfélaga kölluðu eftir meiri þátttöku og upplýsingagjöf til fræðslufulltrúa sveitarfélaga varðandi mat á einstaka skólum og kynningu á niðurstöðum.
- Almenn ánægja var með matsaðila og fagmennsku þeirra og engin ástæða talin til að breyta þeim viðmiðum sem hafa verið notuð við val á matsaðilum ef frá er talin sú krafa að þeir megi ekki vara starfandi í skólum. Verktakaráðnum matsaðilum finnst vanta samræðuvettvang til að þeir nái betur að samræma vinnubrögð sín.
- Ekki þótti viðmælendum almennt ástæða til að breyta því fyrirkomulagi að nota stýrt slembival við að velja skóla til þátttöku í ytra mati en hafa mætti fleiri þætti til hliðsjónar.
- Almennt voru viðmælendur ánægðir með þá umbótamiðuðu nálgun sem ytra matið byggir á og var lögð áhersla á að sú hugmyndafræði héldi áfram. Þó kom fram það sjónarmið að ábendingar í matsskýrslum mættu stundum vera afdráttarlausari.
- Matsskýrslur þykja betri og aðgengilegri nú en áður og samræmd uppbygging þeirra auðveldar úrvinnslu. Aftur á móti var bent á að viðmið og vísbendingar stýrðu inntaki skýrslanna of mikið. Stungið var upp á að draga betur fram þætti í skólastarfinu sem væru til eftirbreytni til að aðrir geti dregið lærdóm af.
- Fulltrúar sveitarfélaga voru jákvæðir gagnvart því fyrirkomulagi að senda skólum niðurstöður með talglærum í stað þess að fara með kynningar út í skólana en óskuðu eftir að einnig yrði boðið upp á símafundi til að hægt væri að koma með spurningar.
- Ánægja var með aukna eftirfylgni ráðuneytisins með umbótum í kjölfar ytra matsins þó flestir viðmælendur í rýnihópum hafi verið á þeirri skoðun að auka þyrfti enn á eftirfylgni. Í því samhengi var bent á að flokka þyrfti skóla út frá skilgreindum stoðþáttum og skilgreina þörf þeirra fyrir eftirfylgni út frá því.
- Bent var á að endurskoða þyrfti verkaskiptingu á milli mennta- og menningarmála- ráðuneytis og Menntamálastofnunar varðandi niðurstöður og eftirfylgni með einstaka skólum.

## Ytra mat á grunnskólum: Bakgrunnur, lýsing og staða

### Bakgrunnur ytra mats

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um skyldu bæði sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis til ytra mats á grunnskólastarfi<sup>3</sup>. Árið 2010 var stofnaður faghópur með fulltrúum ráðuneytis og sveitarfélaga til að meta hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi þessara tveggja stjórnáætlustiga um reglubundið ytra mat á grunnskólum<sup>4</sup>. Faghópurinn lagði fram tillögu um útfærslu á ytra matinu sem gerði ráð fyrir sameiginlegri ábyrgð og kostnaðarskiptingu ráðuneytis og sveitarfélaga. Með þessu átti að stuðla að jafnræði grunnskóla gagnvart ytra mati þar sem vitað var að mörg sveitarfélög væru ekki í stakk búin til að standa að ytra mati upp á eigin spýtur.

Hafist var handa við undirbúning og gerð viðmiða fyrir matið haustið 2011 og í ársbyrjun 2012 fór fram tilraunaverkefni á sex skólum sem byggði á tillögum faghópsins og nýjum viðmiðum um gæði í skólastarfi<sup>5</sup>. Í framhaldi af tilraunaverkefninu var í ársbyrjun 2013 gerður samstarfssamningur á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Námsmatsstofnunar og innanríkisráðuneytis vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um tveggja ára þróunarverkefni um ytra mat á 18 grunnskólum<sup>6</sup>. Námsmatsstofnun var falið að annast ytra matið og voru ráðnir matsaðilar til að hafa umsjón með matinu og stýra matsteymum. Þróunarverkefnið var framlengt um tvö ár til ársloka 2016 og meta átti 20 grunnskóla til viðbótar. Haustið 2015 tók Menntamálastofnun yfir verkefni Námsmatsstofnunar.

Hugmyndin á bak við ytra mat á grunnskólum er að leggja sérstaka áherslu á að efla innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar<sup>7</sup>. Til þess að ná þessu var lagt upp með að viðfangsefni matsins yrðu þrjú lykilþættir: stjórnun skólans, nám og kennsla og vinnubrögð við innra mat. Þessu til viðbótar geta fræðsluyfirvöld og skólar óskað eftir að sérstakur þáttur í starfi skólans sé metinn.

### Stutt lýsing á framkvæmd ytra mats

Fyrsta skref í ytra matinu felst í að afla gagna um skólann og fara yfir fyrirbyggjandi upplýsingar um hann. Gögn sem rýnt er í eru t.d. árangur í samræmdum prófum og framfarastuðlar, skólanámskrá, starfs- og kennsluáætlanir, stundatöflur, greinargerðir um innra mat og áætlanir um umbætur og símenntun kennara. Í kjölfar gagnagreiningar á sér stað skólaheimsókn tveggja matsaðila sem stendur að jafnaði í tvo til fimm daga eftir stærð skóla. Á meðan á skólaheimsókn stendur fer fram athugun á kennslustundum hjá 60-70% kennara og stendur þeim til boða að fá persónulega endurgjöf frá matsaðilum í lok kennslustundar eða

<sup>3</sup> Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

<sup>4</sup> Björk Ólafsdóttir (2012). Ytra mat á grunnskólum: Tilraunaverkefni.

<sup>5</sup> Faghópur um gæðaviðmið í grunnskólastarfi (2011). Viðmið um gæði í skólastarfi.

<sup>6</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga (2014). Skólaskýrsla 2014.

<sup>7</sup> Faghópur um ytra mat á grunnskólum (2011). Tillögur um ytra mat á grunnskólum.



skóladags. Þá eru tekin einstaklings- og/eða rýnihópaviðtöl við stjórnendur, kennara, annað starfsfólk, nemendur, foreldra og skólaráð. Að skólaheimsókn lokinni tekur við úrvinnsla og skýrslugerð. Matsferlinu lýkur með því að skólinn fær matsskýrslu með niðurstöðum og ábendingum um styrkleika og tækifæri til umbóta. Einnig fær starfslið skólans og fulltrúar sveitarfélagsins kynningu á helstu niðurstöðum. Eftirfylgni með umbótum er í höndum viðkomandi sveitarfélags og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Niðurstöður matsins eru gerðar aðgengilegar á heimasíðum skólans, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntamálastofnunar.

Ítarlegri lýsingu á framkvæmd ytra matsins má finna á slóðinni: <https://mms.is/um-ytra-mat-grunnskola>

### Staða við lok þróunarverkefnis

Heildarfjöldi grunnskóla á landinu er 168<sup>8</sup>. Reykjavíkurborg hefur ekki tekið þátt í þróunarverkefni um ytra mat á grunnskólum þar sem hún er með sitt eigið matsteymi sem metur skóla borgarinnar. Heildarmat var gert á öllum 43 grunnskólum í Reykjavík frá 2007-2013 og var byrjað á öðrum matshring haustið 2014<sup>9</sup>. Í sveitarfélögum utan Reykjavíkur eru 125 grunnskólar sem ytra mat Menntamálastofnunar nær til og í árslok 2016 þegar þróunarverkefninu lýkur munu 44 þeirra hafa verið metnir sem hluti af tilrauna- eða þróunarverkefni. Er það um 35% af grunnskólum landsins ef Reykjavíkurskólarnir eru frátaldir. Enn verður þá eftir að meta 81 grunnskóla.

---

<sup>8</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga (2014). Skólaskýrsla 2014.

<sup>9</sup> Reykjavíkurborg (e.d.). Mat á skóla- og frístundastarfi.

## Aðferð

Til að kanna áhrif ytra matsins á stjórnun, kennsluhætti og innra mat skóla var spurningakönnun lögð fyrir skólastjóra og kennara í þeim 22 skólum sem tóku þátt í þróunarverkefni um ytra mat árin 2013, 2014 og fyrri hluta árs 2015. Ekki var lögð fyrir spurningakönnun í skólum sem metnir voru síðari hluta árs 2015 eða árið 2016 þar sem ekki þótti raunhæft að vænta áhrifa af ytra matinu svo stuttu eftir að það fór fram. Send var könnun til 22 skólastjóra og 550 kennara í byrjun maí 2016. Svör bárust frá skólastjórum allra skólanna (100%), þar af voru 20 svör frá skólastjórum og tvö frá aðstoðarskólastjórum. Svör bárust frá 330 kennurum, sem er í heildina 60% svarhlutfall. Var svörun meðal kennara allt frá 25% í þeim skóla þar sem fæstir kennararnir svöruðu í 100% svarhlutfall í þremur skólum. 51 kennari af þeim 330 sem svöruðu (16%) voru ekki starfandi sem kennarar í viðkomandi skóla þegar matið fór fram og svöruðu þeir því einungis litlum hluta spurninganna.

Svarhlutfall meðal kennara eftir hvenær matið fór fram		
Ár	Fjöldi skóla	Svörun
2013	8	68%
2014	10	59%
2015	4	67%

Til að afla upplýsinga um stuðning og eftirfylgni af hálfu sveitarfélaga í kjölfar ytra mats var send spurningakönnun á fræðslufulltrúa sveitarfélaga. Leitað var til þeirra aðila sem helst höfðu komið að stuðningi við skólana í kjölfar matsins og þeir beðnir að svara. Í þeim sveitarfélögum sem eru með fræðsluskrifstofur var könnunin send á fræðslustjóra eða grunnskólafulltrúa og í sveitarfélögum sem ekki eru með fræðsluskrifstofur var könnunin send á formann fræðslunefndar. Send var könnun á 19 sveitarfélög sem reka þá 22 grunnskóla sem voru þátttakendur í þróunarverkefni um ytra mat á grunnskólum frá 2013-2015. Svör bárust frá 18 fræðslufulltrúum, sem er um 95% svarhlutfall. Í 39% tilvika svaraði formaður skólaneftdar, í 33% tilvika fræðslustjóri og í 28% tilvika grunnskólafulltrúi skólaskrifstofu.

Til að fá ábendingar vegna endurskoðunar á fyrirkomulagi og framkvæmd ytra matsins voru tekin fjögur rýnihópaviðtöl við tólf manns. Eitt rýnihópaviðtal var tekið við þrjú sérfræðinga mennta- og menningarmálaráðuneytisins og annað við fjóra fulltrúa sveitarfélaga, sem allir eru fræðslustjórar og/eða starfsmenn fræðsluskrifstofu í sínu sveitarfélagi. Rýnihópaviðtal var tekið við þrjú aðila sem komið hafa að því að meta grunnskóla á vegum Menntamálastofnunar og annað rýnihópaviðtal var tekið við tvo þeirra sem komu að því að hanna viðmið fyrir ytra matið og hafa jafnframt reynslu að því að meta á grundvelli þeirra. Rýnihópaviðtölin fóru fram í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og í Menntamálastofnun í apríl, júní og júlí 2016.

## Niðurstöður – fyrri hluti

### Niðurstöður kannana til skólastjóra, kennara og fulltrúa sveitarfélaga

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum kannana sem lagðar voru fyrir skólastjóra, kennara og fræðslufulltrúa sveitarfélaga. Kannað var viðhorf skólastjóra og kennara til áhrifa ytra matsins á stjórnun, kennsluhætti og innra mat. Þá voru skólastjórar og kennarar einnig spurðir um hagnýtingu viðmiða sem notuð eru í ytra matinu. Skólastjórar voru að auki spurðir um umbætur, eftirfylgni og stuðning fræðslufirvalda og skólaráðs. Kannað var viðhorf kennara, sem höfðu fengið heimsókn matsaðila í kennslustund hjá sér, til heimsóknarinnar og endurgjafar matsaðilans. Hjá fræðslufulltrúum sveitarfélaga var kannað viðhorf til gagnsemi ytra matsins og hvernig unnið var að umbótum í kjölfar þess.

Kaflinn er þannig upp settur að fyrst er gerð grein fyrir niðurstöðum svara við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir bæði skólastjóra og kennara. Næst er fjallað um niðurstöður spurninga sem eingöngu voru lagðar fyrir skólastjóra og loks niðurstöður spurninga sem lagðar voru eingöngu fyrir kennara. Í lokin er fjallað um niðurstöður svara við spurningum sem lagðar voru fyrir fræðslufulltrúa sveitarfélaga.

Af skólastjórunum 22 sem svöruðu könnuninni voru átta sem ekki voru starfandi sem skólastjórar í viðkomandi skóla þegar ytra matið fór fram en þeir tóku allir við skólastjórastarfinu stuttu eftir ytra matið og komu því allir að gerð umbótaáætlunar. Af þessum sökum gátu þeir ekki svarað öllum spurningunum/fullyrðingunum í könnuninni og ekki tekið afstöðu til fullyrðinga sem gerðu ráð fyrir samanburði fyrir og eftir að matið fór fram.


Hafa ber í huga við lestur niðurstaðna að hlutfallstölur voru námundaðar að heilum tölum og því getur komið fyrir að samtala þeirra sé ekki alltaf nákvæmlega 100. Fjöldi svarenda kemur fram innan sviga við hverja fullyrðingu.

### Skólastjórar og kennarar

Í þessum kafla er fjallað um niðurstöður svara við þeim spurningum/fullyrðingum sem lagðar voru fyrir bæði skólastjóra og kennara. Að baki svörunum eru 22 skólastjórar, sem er 100% svarhlutfall og 279 kennarar. Alls svöruðu 330 kennarar könnuninni og var því heildar-svarhlutfall 60%. 51 kennari af þeim 330 sem svöruðu (16%) voru ekki starfandi sem kennarar í viðkomandi skóla þegar matið fór fram og svöruðu þeir því einungis fáeinum spurningum/fullyrðingum í könnuninni.


1. Fullyrðing: Ég tel að ytra matið og niðurstöður þess hafi fyrir skólann...

**Skólastjórar (22):**



Um sjö af hverjum tíu skólastjórum (73%) töldu að ytra matið og niðurstöður þess hafi verið til mikils gagns fyrir skólann. Tæplega þrjú af hverjum tíu (27%) álitu að niðurstöður ytra matsins hafi komið að nokkru gagni. Enginn skólastjóri var þeirrar skoðunar að niðurstöður hafi verið gagnslitlar fyrir skólann.


**Kennarar (238):**



Rúmlega þrjú af hverjum tíu kennurum (34%) álitu að matið og niðurstöður þess hafi verið til mikils gagns fyrir skólann. Rúmlega helmingur (56%) taldi að niðurstöður ytra matsins hafi komið að nokkru gagni og einn af hverjum tíu (10%) var þeirrar skoðunar að ytra matið og niðurstöður þess hefðu verið gagnslitlar fyrir skólann.


2. Fullyrðing: Niðurstöður ytra matsins endurspegluðu styrk- og veikleika skólans á þeim matsþáttum sem til skoðunar voru.

**Skólastjórar (22):**



Allir skólastjórnarnir fyrir utan einn (96%) voru sammála eða mjög sammála því að niðurstöður ytra matsins hafi endurspeglað styrk- og veikleika skólans á þeim matsþáttum sem til skoðunar voru. Einn skólastjóri var þessu ósammála.


### Kennarar (250):



Af kennurum voru 86% sammála eða mjög sammála því að niðurstöður ytra matsins hafi endurspeglað styrk- og veikleika skólans á þeim matsþáttum sem til skoðunar voru. 7% voru þessu ósammála eða mjög ósammála og 7% gátu ekki svarað.


3. *Fullyrðing: Niðurstöður ytra matsins leiddu af sér aðgerðir í þeim tilgangi að stuðla að starfsþróun (s.s. námskeið og endurmenntun stjórnenda, kennara og/eða annars starfsfólks).*

### Skólastjórar (22):



Flestir skólastjórana (82%) voru sammála eða mjög sammála að niðurstöður ytra matsins hafi leitt af sér aðgerðir í þeim tilgangi að stuðla að starfsþróun. Fjórir skólastjórar voru þessu ósammála.


### Kennarar (249):



Sex af hverjum tíu kennurum (61%) voru sammála eða mjög sammála að niðurstöður ytra matsins hafi leitt af sér aðgerðir í þeim tilgangi að stuðla að starfsþróun. Ríflega tveir af hverjum tíu (23%) voru þessu ósammála eða mjög ósammála. 15% kennara gátu ekki svarað fullyrðingunni.


4. *Fullyrðing: Niðurstöður ytra matsins leiddu til endurskoðunar kennsluhátta í skólanum.*

**Skólastjórar (22):**



Mikill meirihluti skólastjóra (82%) var sammála eða mjög sammála fullyrðingunni að niðurstöður ytra matsins hafi leitt til endurskoðunar kennsluhátta í skólanum. Þrír voru þessu ósammála og einn gat ekki svarað.


**Kennarar (248):**



Sex af hverjum tíu kennurum (60%) voru sammála eða mjög sammála að niðurstöður ytra matsins hafi leitt til endurskoðunar kennsluhátta í skólanum. Um þrír af hverjum tíu voru þessu ósammála eða mjög ósammála (28%). 13% gátu ekki svarað.


5. *Fullyrðing: Niðurstöður ytra matsins nýttust skólanum til skólaþróunar.*

**Skólastjórar (22):**



Allir skólastjóranna voru sammála eða mjög sammála að niðurstöður ytra matsins hafi nýst skólanum til skólaþróunar.

## Kennarar (250):



Átta af hverjum tíu kennurum (80%) voru sammála eða mjög sammála að niðurstöður niðurstöður ytra matsins hafi nýst skólanum til skólaþróunar. Innan við einn af hverjum tíu (8%) voru þessu ósammála eða mjög ósammála og ríflega einn af hverjum tíu gat ekki svarað (12%)

Í opnum svarmöguleika voru skólastjórar beðnir um að greina frá því að hvaða leyti ytra matið nýttist skólanum til skólaþróunar. Sextán skólastjórar svöruðu og samantekið nefndu þeir að gott hafi verið að fá staðfestingu á því sem vel var gert og ábendingar um það sem betur mátti fara. Bentu þeir á að ytra matið styrkti skólana til framþróunar í námi og kennslu og hjálpaði til við að fókusera á það sem þyrfti að bæta. Nokkrir nefndu að gott hefði verið að hafa matsskýrsluna til að vísa í þegar ræða þyrfti umbætur á skólastarfinu og fá kennara og starfsmenn til að vinna að þeim og einn nefndi að ábendingarnar hefðu meðal annars nýst til að þrýsta á bæjaryfirvöld um úrbætur. Vinna við umbótaáætlun nefndu nokkrir að hefði verið lærdómsrík og einn talaði um breytt verklag eftir að ytra matið fór fram þannig að nú væru gerðar umbótaáætlanir fyrir ýmsa þætti í skólastarfinu því það auðveldaði alla eftirfylgd.

Einn skólastjóri nefndi að ytra matið hafi orðið til þess að kennarar áttuðu sig á að það væri komin tími til að gera betur í skólastarfinu og sérstaklega hvað varðaði nám nemenda. Nefndi hann að faglegt starf hafi fengið aukinn tíma í skólastarfinu og samvinna allra hafi aukist. Annar skólastjóri talaði um að lýðræðisleg vinnubrögð með nemendum hafi aukist og taldi hann að gengi nemenda í námi hefði stórbatnað vegna verkefna sem fólust í að auka trú þeirra á eigin námsgetu og lýðræðisleg vinnubrögð. Skólaþing með nemendum sagði hann komið til að vera. Þriðji skólastjórinn nefndi að niðurstöður ytra matsins hafi sýnt fram á mikilvægi fjölbreyttra kennsluhátta, upplýsinga- og símenntunar. Sagði hann að kennarar í skólanum hafi farið í aðra skóla til að kynna sér möguleika og útfærslur á teymiskennslu og notkun spjalddölva í námi.

Kennarar voru einnig í opnum svarmöguleika beðnir um að greina frá hvernig ytra matið hafi helst nýst skólanum til skólaþróunar. Alls svöruðu 42 kennarar. Tæplega þriðjungur þeirra taldi að matið hefði helst haft áhrif á kennsluhætti og í því samhengi nefndu þeir endurskoðun, breytingar og meiri fjölbreytni í kennsluháttum, markvissari markmið í kennslu, fjölbreyttara val fyrir nemendur, efling spjalddölvu-kennslu, breytingar á námsmati og sjálfsmati nemenda, breyttar áherslur í sérkennslu og úrbætur fyrir bráðgera nemendur. Nefndi einn þessu tengt að helsti ávinningurinn hafi verið bættur námsárangur.


Nokkrir kennaranna nefndu að niðurstöður matsins hafi helst nýst til að efla og styðja við innra mat skólans. Bætt upplýsingagjöf til foreldra og/eða kennara kom líka fram hjá fleiri en einum

af þeim sem svöruðu og í því samhengi voru umbætur á heimasíðu skólans nefndar sem dæmi. Aukin tæknivæðing og aukinn tækjabúnaður var af nokkrum nefndur sem helsti ávinningur af ytra matinu. Annað sem minnst var á í þessu sambandi var aukin vitund um ábyrgð kennara og efling alls starfsfólks. Þá var nefnt að umræða innan skólans hafi aukist og matið hafi leitt til að endurskoðaðir hafi verið hlutir sem ekki höfðu verið athugaðir lengi. Sagði einn að matið hafi nýst til að fá mynd af hvað væri vel gert og hvað mætti betur fara til að forgangsraða umbótum og efla skólastarfið.

#### Áhrif ytra mats á innra mat og hagnýtingu viðmiða


#### 6. Fullyrðing: Niðurstöður ytra matsins leiddu til þess að innra mat/sjálfsmat var eflt.

##### Skólastjórar (22):



Ríflega sex af hverjum tíu skólastjórum (64%) voru sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að niðurstöður ytra matsins hafi leitt til þess að innra mat skólans var eflt. Hinir voru því ósammála eða mjög ósammála (36%).

##### Kennarar (235):




Rúmlega sex af hverjum tíu kennurum (63%) voru sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að niðurstöður ytra matsins hafi leitt til þess að innra mat skólans var eflt. Um tveir af hverjum tíu voru því ósammála eða mjög ósammála (22%) og 14% kennara gátu ekki svarað.




7. *Fullyrðing: Ég þekki viðmiðin og vísbendingarnar sem Menntamálastofnun notar til að meta skóla.*

**Skólastjórar (22):**



Átta af hverjum tíu skólastjórum (82%) voru sammála eða mjög sammála að þeir þekki viðmiðin og vísbendingarnar sem Menntamálastofnun notar til að meta grunnskóla. Fjórir skólastjórar voru því ósammála.


**Kennarar (234):**



Rúmlega helmingur kennara (54%) sögðust þekkja viðmiðin og vísbendingarnar sem Menntamálastofnun notar til að meta skóla. Tæplega þrír af hverjum tíu (27%) sögðust ekki þekkja þau. 20% kennara gátu ekki svarað fullyrðingunni.


8. *Fullyrðing: Viðmið og vísbendingar sem notaðar eru í ytra mati Menntamálastofnunar eru hafðar til hliðsjónar í innra mati/sjálfsmati skólans.*

**Skólastjórar (22):**



Nærri átta af hverjum tíu skólastjórum (77%) voru sammála eða mjög sammála að viðmið og vísbendingar sem notaðar eru í ytra mati Menntamálastofnunar væru hafðar til hliðsjónar í innra mati skólans. Ríflega tveir af hverjum tíu skólastjórum (23%) voru þessu ósammála.


### Kennarar (232):



Rétt rúmlega helmingur kennara (54%) var sammála eða mjög sammála að viðmið og vísbendingar sem notaðar eru í ytra mati Menntamálastofnunar væru hafðar til hliðsjónar í innra mati skólans. Innan við einn af hverjum tíu (8%) var þessu ósammála eða mjög ósammála og tæplega fjórir af hverjum tíu (38%) gátu ekki svarað.


9. *Fullyrðing: Sem stjórnandi/kennari nota ég viðmið og vísbendingar sem notaðar eru í ytra mati Menntamálastofnunar til hliðsjónar við að bæta eigin starfshætti.*

### Skólastjórar (22):



Nánast allir skólastjórnarnir (91%) voru sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að þeir noti viðmið og vísbendingar sem notaðar eru í ytra mati Menntamálastofnunar til hliðsjónar við að bæta eigin starfshætti. Einungis einn af hverjum tíu var þessu ósammála (9%).

### Kennarar (234):




Helmingur kennara (51%) var sammála eða mjög sammála að þeir noti viðmið og vísbendingar sem notaðar eru í ytra mati Menntamálastofnunar til hliðsjónar við að bæta eigin starfshætti. Rúmlega tveir af hverjum tíu (24%) voru þessu ósammála eða mjög ósammála og tæplega þrjár af hverjum tíu (26%) gátu ekki svarað.

## Skólastjórar

Hér er gerð grein fyrir niðurstöðu svara skólastjóra við þeim spurningum sem eingöngu voru lagðar fyrir skólastjóra í könnuninni. Að baki svörunum eru 22 skólastjórar, sem er 100% svarhlutfall.


### Áhrif ytra mats á stjórnun og kennslu

#### 10. Fullyrðing: Niðurstöður ytra matsins leiddu til bættra stjórnunarháttanna í skólanum (22).



Tæplega sjö af hverjum tíu skólastjórum (68%) voru sammála eða mjög sammála því að niðurstöður ytra matsins hafi leitt til bættra stjórnunarháttanna í skólanum. Aðrir voru þessu ósammála (14%) eða gátu ekki svarað fullyrðingunni (18%).<sup>10</sup> Séu eingöngu skoðuð svör þeirra sem gátu svarað fullyrðingunni er hlutfall þeirra sem voru sammála eða mjög sammála 83% en 17% voru henni ósammála.


#### 11. Fullyrðing: Niðurstöður ytra matsins nýttust skólanum til að bæta skólabrag (22).



Rúmlega sjö af hverjum tíu skólastjórum (73%) voru sammála eða mjög sammála að niðurstöður ytra matsins hafi nýst skólanum til að bæta skólabrag. Ríflega tveir af hverjum tíu voru þessu ósammála og einn gat ekki svarað.


<sup>10</sup> Af skólastjórunum 22 sem svöruðu könnuninni voru átta sem ekki voru starfandi sem skólastjórar í viðkomandi skóla þegar ytra matið fór fram og gátu því ekki svarað öllum fullyrðingum sem gera ráð fyrir samanburði fyrir og eftir að matið fór fram. Sumir þeirra voru þó starfandi í skólanum þegar matið fór fram þó að þeir væru ekki skólastjórar.

12. Fullyrðing: Ég lagði áherslu á að allir kennarar skólans kynntu sér niðurstöður ytra matsins (22).




Allir skólastjórnarnir sem gátu svarað fullyrðingunni voru sammála eða mjög sammála um að þeir hafi lagt áherslu á að allir kennarar skólans kynntu sér niðurstöður ytra matsins.

13. Fullyrðing: Ytra matið hafði áhrif á að ég ræði nú meira við kennara um hvaða kennsluhættir skila bestum árangri (22).




Innan við helmingur skólastjóra (45%) var sammála eða mjög sammála fullyrðingu um að ytra matið hafi haft þau áhrif að hann ræði meira við kennara um hvaða kennsluhættir skila bestum árangri. Tveir af hverjum fimm skólastjórum (41%) voru ósammála fullyrðingunni og aðrir gátu ekki svarað. Séu eingöngu svör þeirra skoðuð sem gátu svarað fullyrðingunni er hlutfall þeirra sem voru sammála eða mjög sammála að ytra matið hafi haft þau áhrif að þeir ræði nú meira við kennara um hvaða kennsluhættir skila bestun árangri 53% en 47% voru henni ósammála.

14. Fullyrðing: Ytra matið hafði áhrif á að ég ræði meira við kennara um hvernig hægt er að nýta námsmat með markvissum hætti (22).




Helmingur skólastjóranna (50%) var sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að ytra matið hafi haft þau áhrif að hann ræði meira við kennara um hvernig hægt er að nýta námsmat með markvissum hætti. Tveir af hverjum fimm (41%) voru ósammála fullyrðingunni og tveir gátu ekki svarað.

15. Fullyrðing: Eftir að ytra matið fór fram fylgist ég betur með frammistöðu skólans frá ári til árs (22).




Sex af hverjum tíu skólastjórum (59%) voru sammála eða mjög sammála fullyrðingunni um að eftir að ytra matið fór fram hafi þeir fylgst betur með frammistöðu skólans frá ári til árs. Ríflega þrjú af hverjum tíu (32%) voru þessu ósammála eða mjög ósammála.

16. Fullyrðing: Í samanburði við áður en ytra matið fór fram ver ég nú minni, meiri eða svipuðum tíma í að aðstoða kennara við að þróa sig í starfi (22).



Rúmlega tveir af hverjum tíu skólastjórum (23%) svöruðu að í samanburði við áður en ytra matið fór fram verðu þeir nú aðeins meiri tíma í að aðstoða kennara við að þróa sig í starfi og helmingur skólastjóra sagðist verja í það svipuðum tíma og áður. Ef eingöngu eru skoðuð svör þeirra sem gátu svarað fullyrðingunni kemur í ljós að 31% skólastjóra ver nú aðeins meiri tíma í að aðstoða kennara við að þróa sig í starfi á móti 69% skólastjóra sem verja í það svipuðum tíma og áður.

17. Fullyrðing: Í samanburði við áður en ytra matið fór fram ver ég nú minni, meiri eða svipuðum tíma í að hvetja kennara til að þróa kennsluhætti sína (22).



Tæplega tveir af hverjum fimm skólastjórum (37%) sögðust verja aðeins eða miklu meiri tíma nú en áður en ytra matið fór fram í að hvetja kennara til að þróa kennsluhætti sína. Sami fjöldi skólastjóra (36%) sagðist verja í það svipuðum tíma og áður og aðrir gátu ekki svarað. Ef aðeins eru skoðuð svör þeirra sem gátu svarað fullyrðingunni er skiptingin 50% - 50%.

18. Fullyrðing: Í samanburði við áður en ytra matið fór fram ver ég nú minni, meiri eða svipuðum tíma í að styðja á virkan hátt samstarf kennara sem eru að þróa kennsluhætti sína (22).

■ Miklu meiri ■ Aðeins meiri ■ Svipuðum ■ Aðeins minni ■ Miklu minni ■ Get ekki svarað



Tæplega tveir af hverjum fimm skólastjórum (37%) svöruðu að þeir verðu nú aðeins eða miklu meiri tíma í að styðja á virkan hátt samstarf kennara sem eru að þróa kennsluhætti sína. Sami fjöldi skólastjóra (36%) svaraði að hann verði í það svipuðum tíma og áður. Ef aðeins eru skoðuð svör þeirra sem gátu svarað fullyrðingunni er skiptingin 50% - 50%.

19. Fullyrðing: Í samanburði við áður en ytra matið fór fram ver ég nú minni, meiri eða svipuðum tíma í að nota niðurstöður prófa til að setja markmið um skólaumbætur (þ.m.t. frampróun í tilteknu fagi, aldurstigi, kennara) (22).


■ Miklu meiri ■ Aðeins meiri ■ Svipuðum ■ Aðeins minni ■ Miklu minni ■ Get ekki svarað



Rétt innan við helmingur skólastjóra (45%) svaraði að hann verði nú aðeins meiri tíma en áður en ytra matið fór fram í að nota niðurstöður prófa til að setja markmið um skólaumbætur. Einn af hverjum fimm (18%) sagðist nota svipaðan tíma og áður og aðrir gátu ekki svarað. Ef eingöngu eru skoðuð svör þeirra sem gátu svarað kemur í ljós að 71% skólastjóra ver aðeins meiri tíma en áður í að nota niðurstöður prófa til að setja markmið um skólaumbætur og 29% verja í það svipuðum tíma og áður.

20. Fullyrðing: Í samanburði við áður en ytra matið fór fram ver ég nú minni, meiri eða svipuðum tíma í að ræða við kennara um ábyrgð þeirra á námsárangri nemenda (22).


■ Miklu meiri ■ Aðeins meiri ■ Svipuðum ■ Aðeins minni ■ Miklu minni ■ Get ekki svarað



Um þrír af hverjum tíu skólastjórum (28%) svöruðu að þeir verðu nú aðeins eða miklu meiri tíma en áður en ytra matið fór fram í að ræða við kennara um ábyrgð þeirra á námsárangri nemenda. Fjórir af hverjum tíu (41%) sögðust verja svipuðum tíma og áður. Aðrir gátu ekki svarað. Ef eingöngu eru skoðuð svör þeirra skólastjóra sem gátu svarað fullyrðingunni kemur fram að 40% þeirra verja aðeins eða miklu meiri tíma í að ræða við kennara um ábyrgð þeirra á námsárangri nemenda en 60% skólastjóra verja í það svipuðum tíma og áður.

21. Fullyrðing: Í samanburði við áður en ytra matið fór fram ver ég nú minni, meiri eða svipuðum tíma í að fylgjast með kennslu í kennslustundum í því skyni að veita kennurum endurgjöf (22).

■ Miklu meiri ■ Aðeins meiri ■ Svipuðum ■ Aðeins minni ■ Miklu minni ■ Get ekki svarað



Um þrír af hverjum tíu skólastjórum (28%) svöruðu að í samanburði við áður en ytra matið fór fram verðu þeir nú aðeins eða miklu meiri tíma í að fylgjast með kennslu í kennslustundum í því skyni að veita kennurum endurgjöf. Rétt innan við helmingur skólastjóra (45%) svaraði að hann verði svipuðum tíma og áður í að fylgjast með kennslustundum. Aðrir gátu ekki svarað. Ef eingöngu eru skoðuð svör þeirra sem gátu svarað kemur í ljós að 37% skólastjóra verja auknum tíma í að fylgjast með kennslustundum eftir að ytra matið fór fram og 63% verja í það svipuðum tíma og áður.

22. Fullyrðing: Í samanburði við áður en ytra matið fór fram ver ég nú minni, meiri eða svipuðum tíma í að hvetja kennara til að meta kennslustundir hver hjá öðrum (22).

■ Miklu meiri ■ Aðeins meiri ■ Svipuðum ■ Aðeins minni ■ Miklu minni ■ Get ekki svarað



Tæplega þrír af hverjum tíu skólastjórum (27%) svöruðu að þeir verji nú aðeins eða miklu meiri tíma í að hvetja kennara til að meta kennslustundir hver hjá öðrum heldur en þeir gerðu áður en ytra matið fór fram. Innan við helmingur skólastjóra sagðist verja í það svipuðum tíma og áður. Aðrir gátu ekki svarað. Séu aðeins svör þeirra sem gátu svarað skoðuð kemur í ljós að 38% stjórnenda verja aðeins eða miklu meiri tíma en áður í að hvetja kennara til að meta kennslustundir hver hjá öðrum og 62% verja í það svipuðum tíma og áður.

#### Áhrif ytra mats á innra mat

23. Fullyrðing: Eftir að ytra matið fór fram ver ég meiri tíma í innra mat skólans í heild sinni (22).


■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Ósammála ■ Mjög ósammála ■ Get ekki svarað



Rétt um helmingur skólastjóra (54%) var sammála eða mjög sammála að hann verji meiri tíma í innra mat skólans eftir að ytra matið fór fram. Um einn af hverjum tíu skólastjórum (14%) var ósammála fullyrðingunni og aðrir gátu ekki svarað. Ef eingöngu eru skoðuð svör þeirra sem gátu svarað kemur í ljós að 80% skólastjóra verja meiri tíma í innra mat skólans eftir að ytra matið fór fram en 20% verja ekki meiri tíma í það en áður.




24. Fullyrðing: Eftir að ytra matið fór fram ver ég meiri tíma í að þróa gæði innra matsins (22).



Meira en helmingur skólastjóra (59%) var sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að hann verji meiri tíma í að þróa gæði innra mats skólans eftir að ytra matið fór fram. Um einn af hverjum tíu (14%) var ósammála fullyrðingunni og aðrir gátu ekki svarað. Séu aðeins svör þeirra skoðuð sem gátu svarað kemur í ljós að 81% skólastjóra ver meiri tíma eftir ytra matið í að þróa gæði innra matsins en 19% skólastjóra gera það ekki.


25. Fullyrðing: Eftir að ytra matið fór fram ver ég meiri tíma í samræður um niðurstöður innra mats og aðgerðir til umbóta (22).



Meira en helmingur skólastjóra (60%) var sammála eða mjög sammála að hann verji meiri tíma í samræður um niðurstöður innra mats og aðgerðir til umbóta eftir að ytra matið fór fram. Einn af hverjum tíu var ósammála fullyrðingunni og aðrir gátu ekki svarað. Ef eingöngu eru skoðuð svör þeirra sem gátu svarað kemur í ljós að 87% verja meiri tíma í samræður um niðurstöður innra mats og aðgerðir til umbóta en 13% gera það ekki.

Stjórnendur voru í opnum svarmöguleika beðnir að tilgreina helstu breytingar sem hafa orðið á innra mati skólans eftir að ytra matið fór fram. Var þar meðal annars nefnt að vinna við innra matið væri orðin markvissari og fleiri gögn væru notuð en áður, aukin áhersla væri á að kynna niðurstöður innra matsins og umbótaáætlun og birta á heimasíðu. Einn skólastjóri nefndi að fólk væri nú betur vakandi og fylgdist meira með niðurstöðum kannana og prófa og gerði aðgerðaráætlanir í kjölfar þeirra.

26. Fullyrðing: Fannst þér einfalt eða flókið að ákveða umbætur út frá niðurstöðum ytra mats? (22)




Flestir skólastjórnarnir (82%) svöruðu að þeim hafi fundist frekar eða mjög einfalt að ákveða umbætur út frá niðurstöðum ytra matsins. Tveimur af hverjum tíu skólastjórum fannst það hins vegar frekar flókið.

Skólastjórar voru spurðir hvað hindraði umbætur í kjölfar ytra mats. Það sem helst kom fram var skortur á tíma til að vinna með niðurstöður, en 62% skólastjóra svöruðu að hann hafi hindrað að nokkru eða miklu leyti vinnu við umbætur. Því tengt svaraði um helmingur stjórnenda að mikið vinnuálag í starfi þeirra hindraði umbætur að nokkru eða miklu leyti og 43% svöruðu að vinnuálag í starfi kennara hindraði umbætur að nokkru eða miklu leyti. Þá svöruðu 38% stjórnenda að kjarasamningur kennara setti skorður sem að nokkru eða miklu leyti hindruðu umbætur. Fjórðungur skólastjóra svaraði að lítið framboð starfsþróunarmöguleika fyrir stjórnendur og starfsfólk hindraði umbætur að nokkru eða miklu leyti.


Almennt töldu stjórnendur ekki að skortur á þekkingu innan skólans til að nýta niðurstöður eða að erfitt væri að finna færar leiðir til umbóta væru þættir sem hindruðu umbætur. Ennfremur voru fáir sem svöruðu að stuðning skorti frá sveitarfélaginu um starfsþróun eða umbætur. Þá er almennt lítil hindrun í því fólgin að mati skólastjóra að kennarar vilji ekki vinna að umbótum eða að menning skólans leyfi ekki opinskáar umræður um vinnubrögð.

27. Fullyrðing: Fræðslufirvöld í sveitarfélaginu studdu við gerð umbótaáætlunar í kjölfar ytra mats (22).



Um sex af hverjum tíu skólastjórum (59%) svöruðu að fræðslufirvöld í sveitarfélaginu hafi að nokkru eða miklu leyti stutt við gerð umbótaáætlunar í kjölfar ytra mats. Tæplega þrír af hverjum tíu (28%) svöruðu að fræðslufirvöld hafi að litlu eða engu leyti stutt við gerð umbótaáætlunarinnar og aðrir gátu ekki svarað.

28. Fullyrðing: Fræðsluyfirvöld í sveitarfélaginu fylgjast með hvernig gengur að vinna að umbótunum (22).




Rúmlega helmingur skólastjóra (54%) svaraði að fræðsluyfirvöld í sveitarfélaginu hafi að nokkru eða miklu leyti fylgst með með hvernig gengið hafi að vinna að umbótum. Rétt innan við helmingur (46%) svaraði að fræðsluyfirvöld í sveitarfélaginu hafi að litlu eða engu leyti fylgst með.

29. Fullyrðing: Skólaráð studdi við gerð umbótaáætlunar í kjölfar ytra mats (22).




Tæplega helmingur skólastjóra (46%) svaraði að skólaráð hafi að nokkru eða miklu leyti stutt við gerð umbótaáætlunar í kjölfar ytra mats. Helmingur skólastjóra (50%) svaraði að skólaráð hafi að litlu eða engu leyti stutt við gerð umbótaáætlunarinnar. Einn gat ekki svarað.

30. Fullyrðing: Skólaráð fylgist með hvernig gengur að vinna að umbótunum (22).



Helmingur skólastjóra (50%) svaraði að skólaráð hafi að nokkru eða miklu leyti fylgst með með hvernig gekk að vinna að umbótum. Rétt innan við helmingur skólastjóra (46%) svaraði að skólaráð hafi að litlu eða engu leyti fylgst með. Einn gat ekki svarað.

31. Fullyrðing: Eftirfylgni ráðuneytis með framkvæmd umbóta hefur auðveldað okkur að framfylgja umbótaáætlun (21).



Tæplega átta af hverjum tíu skólastjórum (77%) voru sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að eftirfylgni ráðuneytisins með framkvæmd umbóta hafi auðveldað þeim að framfylgja umbótaáætlun. Rúmlega tveir af hverjum tíu voru ósammála fullyrðingunni.

*Ábendingar frá skólastjórum um ytra mat*

Skólastjórar voru spurðir í lok spurningalistans hvort þeir hefðu ábendingar um hvað betur mætti fara og/eða vel væri gert í ytra mati á grunnskólum. Fjórtán skólastjórar settu inn ábendingar og lýstu margir þeirra yfir ánægju með matið og þá endurgjöf sem það gaf. Nokkrir töluðu um að framganga matsaðila hafi verið fagleg og nævera þeirra góð. Nefnt var að það skipti miklu máli að matsaðilar væru skólafólk sem þekki vel til skólastarfs. Flestir voru ánægðir með að matsskýrslan væri sett fram á uppbyggjandi hátt, þar sem styrkleikar ekki síður en tækifæri til umbóta væru dregnir fram. Einn lét þó í ljós þá skoðun að matsskýrslan væri full „sykurhúðuð“.


Ábendingar um það sem betur má fara í ytra matinu nefndu skólastjórar helst að þörf væri á frekari eftirfylgni og stuðningi við skólana við gerð og framkvæmd umbótaáætlunar. Bent var á að auka mætti vettvangsathuganir í ytra mati og minnka þess í stað áherslu á að rýna í lögbundin gögn. Einn skólastjóri var þeirrar skoðunar að matsaðilar hefðu átt að setja sig betur inn í kennsluhætti og uppeldisfræði skólans og annar skólastjóri nefndi að hann hefði viljað taka þátt í matsferlinu. Einn var þeirrar skoðunar að full mikið væri sótt í hugmyndafræði Ofsted í Englandi.

## Kennarar

Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum svara kennara við þeim spurningum/fullyrðingum sem lagðar voru eingöngu fyrir kennara. Að baki svörum eru um 280 kennarar. Alls svöruðu 330 kennarar könnuninni og var því heildarsvarhlutfall 60%. 51 kennari af þeim 330 sem svöruðu (16%) voru ekki starfandi sem kennarar í viðkomandi skóla þegar matið fór fram og svöruðu því einungis fáeinum spurningum/fullyrðingum í könnuninni.

## Áhrif ytra mats á stjórnun og kennslu

### 32. Fullyrðing: Umbótaáðgerðir í kjölfar ytra matsins höfðu jákvæð áhrif á skólastarfið (248).




Meira en helmingur kennara (65%) taldi að umbótaáðgerðir í kjölfar ytra matsins hefðu haft jákvæð áhrif á skólastarfið. Innan við tveir af hverjum tíu (16%) voru þessu ósammála eða mjög ósammála. Um tveir af hverjum tíu (20%) gátu ekki svarað.

Kennarar voru spurðir hvað hindraði umbætur í kjölfar ytra mats. Það sem helst kom fram hjá þeim sem tóku afstöðu var mikið vinnuálag í starfi kennara en þrír af hverjum fjórum kennurum (75%) svöruðu að það hefði að nokkru eða miklu leyti hindrað vinnu við umbætur. Þessu tengt svöruðu tæplega sjö af hverjum tíu kennurum (67%) að tíma skorti til að vinna með niðurstöður. Fram kom hjá rúmlega helmingi kennaranna sem tóku afstöðu (52%) að lítið framboð á starfsþróunarmöguleikum fyrir kennara hindraði umbætur að nokkru eða miklu leyti. Einnig kom fram hjá meiri hluta kennara (59%) að skortur á stuðningi sveitarfélags við starfsþróun kennara og skortur á stuðningi sveitarfélags við umbætur í kjölfar ytra mats hindraði umbætur að nokkru eða miklu leyti. Þá svöruðu tæplega fjórir af hverjum tíu kennurum sem afstöðu tóku (39%) að kjarasamningur kennara hindraði umbætur að nokkru eða miklu leyti. Um tveir af hverjum tíu kennurum (23%) svöruðu að mikil eða nokkur hindrun væri í því fólgin að erfitt væri að finna færar leiðir til umbóta.


Almennt töldu kennarar ekki að skortur á þekkingu innan skólans til að nýta niðurstöður úr ytra mati hindraði umbætur í kjölfar þess. Ennfremur töldu þeir ekki hindrun í því fóligna að skólastjóri styddi ekki við starfsþróun kennara eða aðrar umbætur. Þá er almennt lítil hindrun í því fólgin að mati kennaranna að samkenningar vilji ekki vinna að umbótum eða að menning skólans leyfi ekki opinskáar umræður um vinnubrögð.

33. Fullyrðing: Niðurstöður ytra matsins leiddu til þess að ég fór að hugleiða meira en áður eigin kennsluhætti (250).




Meirihluti kennara (65%) var sammála eða mjög sammála að niðurstöður ytra matsins hafi leitt til þess að þeir fóru að hugleiða meira en áður eigin kennsluhætti. Tæplega þriðjungur kennara (28%) var þessu ósammála eða mjög ósammála. 7% gátu ekki svarað.

34. Fullyrðing: Í kjölfar ytra matsins breytti ég kennsluháttum mínum... (244)




Rúmlega einn af hverjum tíu kennurum (13%) breyttu kennsluháttum sínum nokkuð eða mjög mikið í kjölfar ytra matsins. Sjö af hverjum tíu kennurum (68%) breyttu kennsluháttum sínum lítils háttar og um tveir af hverjum tíu (19%) breyttu kennsluháttum sínum ekkert.

35. Fullyrðing: Skólastjóri hvetur mig til að þróa kennsluhætti mína (246).



Þriðjungur kennara (31%) svaraði að skólastjóri hvetji þá oft eða mjög oft til að þróa kennsluhætti sína. Rétt innan við helmingur (45%) svaraði að hann hvetji þá stundum til að þróa kennsluhætti sína og fjórðungur (25%) sagði að hvetji þá sjaldan eða aldrei til þess.

36. *Fullyrðing: Skólastjóri hefur á síðustu 12 mánuðum fylgst með kennslu hjá mér og veitt mér endurgjöf (245).*




Tveir af hverjum tíu kennurum (22%) svöruðu að skólastjóri hafi á síðustu tólf mánuðum fylgst með kennslu hjá þeim og veitt endurgjöf. Tæplega átta af hverjum tíu sögðu að skólastjóri hafi á síðustu tólf mánuðum ekki gert það.

*Viðhorf til heimsóknar í kennslustund og endurgjafar matsaðila*


Af 330 kennurum sem svöruðu könnuninni voru 186 kennarar (56%) sem höfðu fengið matsaðila í heimsókn í kennslustund hjá sér. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðu svara þeirra.

37. *Fullyrðing: Ég upplifði streitu vegna heimsóknar matsaðila í kennslustund hjá mér (186).*



Tæplega tveir af hverjum tíu kennurum (17%) sögðust hafa upplifað streitu vegna heimsóknar matsaðila í kennslustund hjá sér. Átta af hverjum tíu (81%) höfðu ekki upplifað streitu vegna heimsóknar matsaðila í kennslustund.

38. *Fullyrðing: Að hafa matsaðila í kennslustund og fá endurgjöf frá honum var gagnleg reynsla fyrir mig (186).*



Átta af hverjum tíu kennurum (80%) voru sammála eða mjög sammála því að heimsókn matsaðila í kennslustund og endurgjöf frá honum hafi verið gagnleg reynsla. 14% kennara voru ósammála eða mjög ósammála að þessi reynsla hefði verið gagnleg fyrir þá.

39. Fullyrðing: Endurgjöf matsaðila gagnaðist mér við að bæta kennsluhætti mína (185).



Rúmlega sex af hverjum tíu kennurum (63%) voru sammála eða mjög sammála að endurgjöf matsaðila hafi gagnað þeim við að bæta kennsluhætti sína. Tæplega þrjú af hverjum tíu (27%) voru þessu ósammála eða mjög ósammála og einn af hverjum tíu (10%) gat ekki svarað.

*Ábendingar frá kennurum um ytra mat*

Kennarar voru spurðir í lok spurningalistans hvort þeir hefðu ábendingar um hvað betur mætti fara og/eða vel væri gert í ytra mati á grunnskólum. 47 kennarar settu inn ábendingar og sneru þær flestar að mati á kennslustundum. Var bent á í því samhengi að ekki væri nóg að koma bara í eina kennslustund hjá kennara og meta kennsluhætti út frá því þar sem stress yfir nærveru matsaðila gæti skekkst myndina af gæðum kennslunnar. Einhverjir nefndu að þeir hefðu viljað fá skriflega greinargerð um matið á kennslustundinni. Þá var bent á að tímasetja ekki matsheimsókn þannig að hún eigi sér stað rétt fyrir samræmd próf.

Margir lýstu yfir ánægju með ytra matið og sögðu gott að fá þetta aðhald því það væri þeim hvatning til að fylgjast með nýjungum og til að vanda starfshætti sína. Í svörum annarra kom fram að þeim fyndist matið of yfirborðslegt og það hefði ekki náð að greina nægilega það sem raunverulega væri að í skólanum. Þá var bent á að of langur tími liði frá því að matið fer fram og þar til niðurstöðum er skilað og umbótatillögur unnar. Nokkrir kölluðu eftir að fá tíðari heimsóknir ytri matsaðila í skólann og einn benti á að gott væri að matinu væri fylgt eftir með heimsókn í skólann ári eftir matið. Þá kom einn með ábendingu um að matsaðilar þyrftu að setja sig betur inn í sérstöðu og hugmyndafræði skólans.



### Fulltrúar sveitarfélaga

Hér er gerð grein fyrir niðurstöðu svara fræðslufulltrúa sveitarfélaga við þeim spurningum/fullyrðingum sem lagðar voru fyrir þá í könnun. Að baki svörum eru 18 fræðslufulltrúar þeirra 19 sveitarfélaga sem reka viðkomandi grunnskóla og/eða hafa með þeim eftirlit. Svarhlutfallið er því um 95%.


Sjö af hverjum tíu þeirra fræðslufulltrúa sem svöruðu könnuninni sögðust hafa lesið matskýrsluna gaumgæfilega. Um einn af hverjum tíu sagðist hafa lesið skýrsluna lauslega og tveir af hverjum tíu sögðust eingöngu hafa lesið samantekt.

#### 40. Hversu vel eða illa telur þú að niðurstöður ytra matsins nýtist til umbóta í skólanum/skólunum? (18)



Nánast allir fræðslufulltrúarnir sem svöruðu (94%) töldu að niðurstöður ytra matsins hefðu nýst vel eða mjög vel til umbóta í skólanum/skólunum. 6% fræðslufulltrúanna merktu við svarmöguleikann „hvorki né“ sem gefur til kynna að þeim finnist matið ekki hafa haft mikil áhrif til umbóta. Í opnum svarmöguleika var beðið um frekari rökstuðning fyrir svarinu. Þrír svöruðu og voru svörin á þá leið að niðurstöður væru settar fram á jákvæðan hátt sem hvetti skóla til umbóta og í þeim fælist leiðbeining til skólanna um að styrkja skilgreinda þætti skólastarfsins með markvissari hætti.

#### 41. Hvernig metur þú gagnsemi þeirra upplýsinga sem ytra matið gefur fyrir þig sem sveitarstjórnarmann/fræðslustjóra/fræðslufulltrúa? (18)



Aðspurðir um gagnsemi þeirra upplýsinga sem ytra matið gæfi þeim svöruðu um níu af hverjum tíu fræðslufulltrúum (88%) að gagnsemi upplýsinganna væri mikil eða mjög mikil fyrir þá. Einn af hverjum tíu (11%) virtist ekki álíta að niðurstöður gagnist sér sérstaklega. Í opnum svarmöguleika var beðið um frekari rökstuðning og svöruðu þrír. Voru svör þeirra á þá leið að matið hjálpaði þeim að sinna faglegu skólastarfi, mikilvægt væri að gera sér grein fyrir gæðum skólastarfs í umdæminu og ytra mat væri góð viðbót við innra mat

skólans. Bent var á að fjalla hefði mátt betur um ákveðna þætti í skólastarfinu sem mætti bæta.

42. *Fullyrðing: Sveitarfélagið veitti skólanum stuðning til að vinna að umbótum í kjölfar ytra mats ( í formi fjármagns, námskeiða, fræðslu, sérfræðiþjónustu o.f.). (18)*

■ Að miklu leyti ■ Að nokkru leyti ■ Að litlu leyti ■ Að engu leyti ■ Get ekki svarað



Sex af hverjum tíu fræðslufulltrúum (61%) svöruðu að sveitarfélagið hafi veitt skólanum að nokkru eða miklu leyti stuðning til að vinna að umbótum í kjölfar ytra mats. Tæplega þrír af hverjum tíu (28%) svöruðu að sveitarfélagið hafi að litlu leyti veitt stuðning við umbætur og einn af hverjum tíu (11%) gat ekki svarað.


43. *Fullyrðing: Fræðslufyrirvöld í sveitarfélaginu hafa fylgst með hvernig skólanum gengur að vinna samkvæmt umbótaáætlun. (18)*

■ Að miklu leyti ■ Að nokkru leyti ■ Að litlu leyti




Nánast allir (94%) svöruðu að fræðslufyrirvöld í sveitarfélaginu hafi fylgst að nokkru eða miklu leyti með hvernig skólanum gengur að vinna samkvæmt umbótaáætlun. Innan við einn af hverjum tíu (6%) svaraði að fræðslufyrirvöld hafi að litlu leyti fylgst með.

44. Fullyrðing: Ég þekki viðmiðin og vísbendingarnar sem Menntamálastofnun notar til að meta skóla. (18)




Níu af hverjum tíu fræðslufulltrúum (88%) voru sammála eða mjög sammála því að þeir þekki viðmið og vísbendingar sem Menntamálastofnun notar til að meta skóla. Einn af hverju tíu (12%) ýmist sagðist ekki þekkja viðmiðin eða gat ekki svarað.

45. Fullyrðing: Viðmið og vísbendingar sem notaðar eru í ytra mati Menntamálastofnunar hafa orðið sveitarfélaginu hvati til að skoða skólastarf í öðrum grunnskólum sveitarfélagsins. (17)



Þriðjungur fræðslufulltrúanna (65%) var sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að viðmið og vísbendingar sem notaðar eru í ytra mati Menntamálastofnunar hafi orðið sveitarfélaginu hvati til að skoða skólastarf í öðrum grunnskólum sveitarfélagsins. Einn (6%) var þessu ósammála og þrír af hverjum tíu (29%) gátu ekki svarað.

46. Fullyrðing: Eftirfylgni mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur auðveldað okkur að fylgjast með umbótum í kjölfar ytra mats. (18)



Rúmlega átta af hverjum tíu (83%) fræðslufulltrúanna voru sammála eða mjög sammála að eftirfylgni mennta- og menningarmálaráðuneytis hafi auðveldað þeim að fylgjast með umbótum í kjölfar ytra mats. Rúmlega einn af hverjum tíu (12%) var þessu ósammála eða mjög ósammála. Einn gat ekki svarað.

Fræðslufulltrúarnir voru í opnum svarmöguleika í lok könnunar beðnir að koma með ábendingar um hvað betur megi fara í ytra mati á grunnskólum. Tólf svöruðu og lýstu nokkrir yfir ánægju með ytra matið og sögðu það mikla hjálp við að skoða og þróa skólastarf. Einn nefndi að matið hafi verið vel unnið og mikil og góð samvinna hafi verið við skólastjórnendur og aðra aðila í skólasamfélaginu. Matsaðilar fengu hrós fyrir fagleg vinnubrögð og bent var á í því sambandi að þekking þeirra og reynsla af skólastarfi skipti miklu máli. Í ábendingum um það sem betur má fara í matinu kom fram að þörf væri á frekari fræðslu og stuðningi í kjölfar ytra mats og til bóta væri ef matsaðilar gætu fylgt umbótum eftir með fundum með skólastjórnendum á þeim tíma sem umbæturnar standa yfir. Nefnt var að mikilvægt væri að matið fari fram reglulega og að ekki líði meira en 5-7 ár á milli hjá hverjum skóla. Nokkrir lögðu áherslu á mikilvægi þess að matið væri leiðbeinandi og umbótamiðað og gæfi skólunum raunhæfa mynd af hvað vel hefði tekist og hvað betur mætti fara. Einn sagði að sér fyndist matið of yfirborðskennt og ekki væri rýnt nægilega í hvort skólinn gerði það sem hann segðist vera að gera. Bent var á í því samhengi að matsaðilar þyrftu að vera lengur á vettvangi til að hafa betri forsendur til að leggja mat á starfið. Einn lagði áherslu á að sveitarfélagið þyrfti að hafa meiri aðkomu að ytra matinu og vera formlegur samstarfsaðili þó svo að starfsmaður þess væri ekki endilega þátttakandi í að meta skólann. Hvað varðar matsþætti var bent á að áhugavert væri að skoða betur líðan kennara í starfi og kanna hvort nemendum væri meðvitað kynnt markmið námsgreina í aðalnámskrá. Nefnt var að rýni á kennslustundir væri nauðsynlegur hluti af matinu.

## Niðurstöður - síðari hluti

Niðurstöður rýnihópa með fulltrúum ráðuneytis, sveitarfélaga og matsaðila.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum rýnihópaviðtala sem tekin voru við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis, sveitarfélaga og matsaðila. Tekin voru fjögur rýnihópa-viðtöl við alls tólf manns. Leitað var eftir viðhorfum viðmælenda til ýmissa þátta sem snúa að aðferðafræði og framkvæmd ytra mats á grunnskólum og eftirfylgni með niðurstöðum. Þá var leitað eftir viðhorfum þeirra til áframhaldandi ytra mats.

### Endurskoðun viðmiða

Viðmælendur í öllum rýnihópum voru sammála um að viðmið og vísbendingar, sem notaðar eru í ytra matinu, væru í heildina góð en að kominn væri tími á að endurskoða þau og lagfæra. Bent var á að of mikið væri um skörun og endurtekningar í vísbendingum og einnig að innbyrðis vægi vísbendinga væri ójafnt. Í því samhengi var lagt til að sameinaðar yrðu litlar vísbendingar þannig að vægi vísbendinga jafnaðist og að teknar væru út vísbendingar sem snúast ekki um gæði því þær hefðu áhrif á heildarútkomu viðmiðsins.

Í þremur rýnihópum af fjórum kom fram að viðmiðin væru helst til of mikil lágmarksviðmið og vel mætti setja markið hærra svo þau standi betur undir því að vera gæðaviðmið. Lögð var áhersla á að mikilvægt væri „að vera alltaf á tánum með viðmiðin svo ekki væri verið að meta skóla gærdagsins“. Í þessu samhengi veltu viðmælendur í einum rýnihópi fyrir sér hvort hægt væri að setja fram kröfu í viðmiðum sem ekki væri stafur fyrir í lögum og námskrá.

Endurskoða þarf uppröðun viðmiðanna og kaflaskiptingu að áliti viðmælenda í rýnihópi matsaðila og voru viðmið fyrir mat á leikskólastarfi, sem unnin voru hjá Reykjavíkurborg, nefnd sem góð fyrirmynd í því sambandi. Þá kom fram í þremur rýnihópum ósk um að unnin yrðu viðmið og vísbendingar fyrir fleiri þætti í skólastarfinu og voru eftirfarandi matsþættir nefndir:

- Skóli án aðgreiningar
- Skólabragur
- Mannauður

Við endurskoðun viðmiða og vísbendinga þarf að gera Hvítbók og öðrum nýlegum stefnuþlögum í menntamálum skil.

### *Viðmið um stjórnun og innra mat*

Ábending kom fram um að í viðmiðum um stjórnun þyrfti að skilgreina betur hvað felst í faglegu leiðtogahlutverki skólastjórans. Í því sambandi var bent á að viðmið sem heyra undir stjórnunarþáttinn væru sum of skjálamiðuð og þau þyrfti að fjalla meira um gæði og innra starf skólans. Taka mætti vísbendingar sem snúa að lögbundnum ákvæðum svo sem skólanámskrá, áætlunum og skráningum út úr viðmiðaskjalinu og setja í gátlista. Til bóta væri að kaflar um þátttöku foreldra í skólastarfinu og skólabrag yrðu gerðir að sér köflum eins og í framangreindum viðmiðum fyrir mat á leikskólastarfi.

Viðmið um innra mat mætti sameina í tvö til þrjú viðmið til samræmis við viðmið fyrir mat á leikskólastarfi.

#### *Viðmið um nám og kennslu*

Í tveimur rýnihópum kom fram áhersla á að endurskoða og bæta viðmið um kennslustundir. Þar vantar að mati viðmælenda upp á að „gerðar séu kröfur um gæði kennslustundar aðrar en að hún gangi vel fyrir sig“. Í þessu samhengi var bent á að kennslustundir í skóla þar sem engin fjölbreytni væri í kennsluháttum, engin tölvunotkun og engin samvinna, gætu samt verið metnar góðar í heildina. Viðmiðin þurfa að mati sumra viðmælenda að ná betur utan um hvað felst í faglegum kennsluháttum og kölluðu þeir líka eftir dýpri greiningu á kennslustundum. Lagt var til að bæta inn í viðmið og vísbendingar hvort skólinn væri með stefnu og markmið um kennsluhætti og hvort kennsluhættir endurspeglu þau markmið.

Þá var bent á að viðmið um nám og kennslu þyrftu að ná betur til nemendanna og viðhorf þeirra til náms. Gera þyrfti í viðmiðum meiri kröfur til árangurs allra nemenda og að fylgst sé markvisst með í skólanum að nemendur nái árangri.

#### *Fjórði matsþáttur*

Viðmælendur í rýnihópum matsaðila og ráðuneytis voru þeirrar skoðunar að taka ætti út val sveitarfélags og/eða skóla um auka matsþátt og gera þess í stað viðmiðin ítarlegri. Í því samhengi var bent á að það væri ókostur að fjórði matsþátturinn væri ekki samræmdur eins og aðrir þættir. Upplifun matsaðila sem þátt tóku í rýnihópum var að val um fjórða matsþátt hafi ekki orðið til þess að gera skólana jákvæðari gagnvart matinu. Fulltrúar sveitarfélaga töldu hins vegar að fjórði matsþátturinn setti sveitarfélögin í jákvæðari stellingar og væri mikilvægur liður í að sveitarfélög eignuðu sér matið meira.

#### *Framkvæmd ytra mats*

##### *Athuganir á vettvangi*

Heimsóknir í kennslustundir sem hluti af ytra mati á skólastarfi eru að mati viðmælenda í rýnihópum mjög mikilvægar vegna þess að eina leiðin fyrir yfirvöld til að fá upplýsingar um hvernig kennsla gengur fyrir sig í skólum er í gegnum slíkar heimsóknir. Aftur á móti var bent á að endurskoða mætti framkvæmd kennslustundaathugana og byggja matið meira á innliti í kennslustundir, þ.e. meta kennslustundir skólans heildstætt í stað þess að meta hverja kennslustund sjálfstætt. Þannig fengist meiri heildarsýn á kennsluhætti og námsaðstæður nemenda í viðkomandi skóla. Með þessu mætti stytta þann tíma sem nýttur er fyrir kennslustundaathuganir.

Í samræmi við framangreinda ábendingu um endurskoðun á viðmiði um kennslustundir var bent á að byggja þurfi kennslustundaathuganir meira á hversu fagleg kennslan er. Athuga þurfi undirbúning og skipulag kennara og kalla eftir að fá að sjá kennslustundaráætlanir þeirra. Skoða þurfi líka í meira mæli vinnu nemenda og ræða við þá um hvað þeir eru að gera og hvernig þeir upplifa nám og námsaðstæður sínar. Líta þurfi í vinnubækur nemenda til að sjá hvernig verkefni þeir eru að vinna og hvernig endurgjöf þeir fá.

Að mati viðmælenda er vandamál í skólum að skólastjórnendur eru lítið að fylgjast með því sem gerist í kennslustundum. Þeir nefndu að hluti af faglegri forystu skólastjóra ætti að vera að fylgjast með kennsluháttum í sínum skóla en bentu jafnframt á að þær kröfur hafi þó ekki verið settar fram með nægilega skýrum hætti af menntayfirvöldum. Rætt var um að ein leið til að virkja skólastjóra og/eða aðstoðarskólastjóra í mati á kennslu væri að fá þá til þátttöku í að meta kennslustundir í ytra mati, eiga samræðu við þá um matið og gefa þeim rödd í því. Þannig megi auka vitund skólastjórnenda um tilgang kennslustundamats og mikilvægi þess að horfa á kennslustundina út frá viðmiðum. Bent var á í þessu samhengi að það væri ekki gott að Menntamálastofnun bæri ein ábyrgð á að meta kennslu í skólum því hætta væri á að með því væri ábyrgðin tekin af skólastjóranum.

Fram kom í rýnihópi ráðuneytisfulltrúa að í vettvangsathugunum væri mikilvægt að skoða ekki bara kennslustundir heldur líka hvernig skólastarfið og skólabragurinn er fyrir utan kennslustundirnar svo sem í útivist, frímínútum og frístund – skoða umgengni nemenda, samskipti þeirra og leik. Einnig væri mikilvægt að skoða hvernig samvinnu kennara í að skipuleggja kennslu og skólastarf er háttað.

#### *Töluleg gögn*

Matsaðilar í rýnihópi komu með ábendingu um að til bóta væri að senda út rafræna spurningalista til kennara og nemenda í aðdraganda matsins til að kanna viðhorf þeirra – þannig fengist breiðari mynd og gagnaöflun á vettvangi í athugunum, viðtölum og rýnihópum gæti orðið markvissari og dýpri. Bentu þeir á að með því að nota eingöngu eigindlegar gagnaöflunaraðferðum næðist ekki nægilega vel að meta skólann þar sem sjónarmið svo fárra lægju til grundvallar. Einnig væri oft erfitt að fá fram í rýnihópum viðhorf til ákveðinna þátta eins og t.d. til skólastjórnandans.

#### *Samvinna og upplýsingagjöf til sveitarfélaga*

Í tengslum við framkvæmd ytra matsins kölluðu fulltrúar sveitarfélaga í rýnihópi eftir meiri þátttöku og upplýsingagjöf til fræðslufulltrúa sveitarfélaga. Lögðu þeir áherslu á að fræðslufulltrúar sætu kynningu í upphafi mats og þeim væru líka kynntar niðurstöður með sama hætti og skólanum s.s. með því að senda þeim talglærur. Þá vildu þeir gjarnan fá afrit af helstu samskiptum við skólastjóra s.s. þegar væri verið að tilkynna hvenær matið færi fram og þegar kallað væri eftir gögnum. Bentu þeir á í þessu sambandi að mikilvægt væri að það væri sýnilegt skólastjóra að ytra matið kæmi sveitarfélaginu við ekki síður en skólanum.

Allir þátttakendur í rýnihópi sveitarfélaga komu frá sveitarfélögum þar sem starfandi er skólaskrifstofa. Sögðu þeir það ókost að allur póstur til sveitarfélagsins um ytra matið færi eingöngu á sveitarstjóra því hann áttaði sig ekki alltaf á mikilvægi þess að koma upplýsingum áfram til þeirra.

## Matsaðilar

Í rýnihópum fulltrúa ráðuneytis og sveitarfélaga kom fram eindregin ánægja með fagmennsku og hæfi þeirra matsaðila sem unnið hafa við að meta skóla fram til þessa.

Leitað var eftir sjónarmiðum viðmælanda um hvaða viðmið ættu að liggja til grundvallar vali á matsaðilum. Almennt var það skoðun þeirra að mikilvægt væri að annar eða báðir matsaðilar hefðu kennaramenntun og reynslu af kennslu og/eða stjórnun í grunnskóla til að traust skapist til matsins. Fram kom það sjónarmið í rýnihópi ráðuneytisfulltrúa að leiðandi matsaðili gæti alveg verið með annan bakgrunn en kennaramenntun svo fremi sem kennaramenntaður aðili væri í matsteyminu. Í því samhengi var bent á að matsaðilar með ólíkan bakgrunn gætu komið með breiðari sýn á skólastarfið. Í rýnihópi matsaðila kom fram að á meðan mat á kennslustundum og endurgjöf til kennara væri stór hluti af vettvangsheimsókn í skóla væri mikilvægt að báðir aðilar væru með kennslureynslu. Í öllum rýnihópum voru sett spurningamerki við þá reglu að matsaðilar mættu ekki vera starfandi í skólum og bent var á að starfandi skólafólk gæti lært af þátttöku í ytra mati. Sá fyrirvari var þó settur að viðkomandi matsaðilar væru ekki starfandi í skóla í því sveitarfélagi sem matið færi fram í.

Fram kom í rýnihópum matsaðila að samræðuvettvang vantaði fyrir matsaðila þar sem þeir gætu hist, rætt saman og samræmt sig. Þörf fyrir samræðu og samræmingu snýr að þeirra sögn einkum að mati á kennslustundum. Bentu matsaðilar einnig á að endurskoða þurfi greiðslur til verktaka fyrir þátttöku í ytra mati.

## Val á skólum til þátttöku

Almennt séð voru þátttakendur í rýnihópum á þeirri skoðun að það væri gott fyrirkomulag að velja skóla af handahófi en stýra því þannig að skólar af öllum landsvæðum væru metnir og hugað væri að dreifingu á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þessi aðferð við val á skólum ætti sinn þátt í að skólar væru jákvæðir í garð ytra mats. Bent var á í tveimur rýnihópum að til bóta væri að gefa sveitarfélögum og skólum líka kost á að sækja um að fá mat þó að valið mætti aldrei eingöngu að vera byggt á umsóknum.

Í einum rýnihópi kom fram það sjónarmið að rétt væri að hafa árangur í huga þegar skólar væru valdir, bæði góðan og slakan árangur. Engum viðmælanda í rýnihópum fannst þó að velja ætti skóla eingöngu á grundvelli árangurs eða greiningar á skólum í „áhættu“. Töldu þeir að slíkt val væri ekki tímabært fyrr en búið væri að meta alla skóla á landinu a.m.k. einu sinni. Bent var á í því samhengi að ef eingöngu skólar sem teldust í áhættu væru metnir þá tapaðist heildaryfirsýn yfir skólastarf í landinu og starfsfólk skólanna færi inn í matið með neikvæðara hugarfari. Í þessu sambandi var einnig bent á að jafn mikilvægt væri að varpa ljósi á styrkleika skólakerfisins eins og veikleika. Hættan við að meta skóla á grundvelli áhættugreiningar væri sú að menn misstu sjónar á markmiðum og gæðum skólastarfs og matið færi að snúast um að bregðast við krísum.



## Matsskýrslur

Í rýnihópi fulltrúa sveitarfélaga kom fram ánægja með þá framsetningu í matsskýrslu að setja niðurstöður fram á jákvæðan og umbótamiðaðan hátt. Lögðu þeir áherslu á mikilvægi þess að halda þeirri hugmyndafræði áfram og nefndu að ef skólafólkið upplifði að matið væri til umbóta en ekki eingöngu til eftirlits þá hefði það áhrif á hvernig það væri nýtt í skólunum.

Að áliti fulltrúa sveitarfélaga í rýnihópi kemur oftast skilmerkilega fram í matsskýrslum hvað það er sem þarf að bæta í skólum, þó vissulega komi það fyrir að „tiplað væri full mikið á tánum“. Sögðu þeir mikilvægt að talað væri skýrt í skýrslunum. Í rýnihópi fulltrúa ráðuneytis var kallað eftir beittari matsskýrslum og fannst þeim vanta upp á að skilaboðin væru nægilega skýr og afdráttarlaus, eða eins og einn viðmælandinn orðaði það: „ekki spjall um hluti sem mætti laga heldur benda á það sem þarf að laga“. Bentu viðmælendir í hópi ráðuneytisfólks ennfremur á að ef að skólinn væri ekki að fara að lögum þá ættu viðbrögðin við því í matsskýrslunni að vera hörð, þar ætti ekki við að vera með vinsamlega ábendingu.

Fulltrúar sveitarfélaga í rýnihópi voru þeirrar skoðunar að matsskýrslurnar væru betri og aðgengilegri núna heldur en þær voru áður en Námsmatsstofnun tók við verkefninu. Nefndu þeir að almennt væri gott að vera með einfaldar matsskýrslur og góðar samantektir til að koma til móts við þarfir ólíkra lesenda. Viðmælendir úr hópi ráðuneytisfólks nefndu líka að mikilvægt skref hafi verið stigið þegar Námsmatsstofnun var falið að annast ytra mat á grunnskólum því með samanburðarhæfum matsskýrslum væri öll úrvinnsla orðin mikið aðgengilegri og auðveldari. Þeir bentu þó á að innan ráðuneytisins væru margir þeirrar skoðunar að viðmiðin og vísbendingarnar stýrðu uppbyggingu og inntaki skýrslanna of mikið með þeim afleiðingum að þær væru „einsleitar og útvatnaðar“. Ekki væri lagt mat á aðra þætti í skólastarfinu en það sem viðmiðin fjalla um sem væri slæmt því stundum væri mikilvægt að benda á atriði sem þarfnast úrbóta þó að viðmiðin nái ekki yfir þau. Í þessu samhengi voru þættir eins og námsmat, árangur og þátttaka í samræmdum prófum, fjarvistir kennara, list- og verkgreinakennsla og viðmiðunarstundarskrá nefndir. Einnig nefndu viðmælendir í ráðuneytinu að við það að leggja einungis mat á það sem er í viðmiðunum hyrfti sérkenni skólanna og þættir sem væru athygliverðir. Þá fannst þeim óþarft að telja upp öll atriði úr viðmiðum og vísbendingum sem væru í lagi því með því væri verið að „teygja lopann“ óþarflega.

Bent var á í rýnihópum ráðuneytis og sveitarfélaga að betur mætti draga fram í matsskýrslum þætti í skólastarfinu sem væru til eftirbreytni til að aðrir geti lært af. Lagt var til að Menntamálastofnun kæmi sér upp upplýsingavef um matið meðal annars í þessum tilgangi.

Skiptar skoðanir voru í rýnihópunum varðandi myndræna framsetningu á heildarniðurstöðum skóla með litunum grænn – gulur - rauður. Fulltrúar í rýnihópi sveitarfélaga töldu að skólum fyndist gott að fá myndrænt yfirlit yfir stöðu skólans. Fulltrúar í rýnihópi ráðuneytis töldu einnig að gott væri að hafa myndrænt yfirlit en létu í ljós þá skoðun að núverandi fyrirgjöf væri vafasöm af því að veigamiklir þættir hefðu sama vægi í útreikningum og veigalitlir þættir. Þannig gæti skóli fengið grænt fyrir matsþátt þrátt fyrir að þar komi fram mjög alvarleg

athugasemd. Bent var á að þetta væri mjög misvísandi fyrir þá sem e.t.v. læsu ekki skýrsluna í heild sinni heldur skoðuðu einungis töfluna. Lagt var til að annað hvort sameina léttvægar vísbendingar eða gefa vísbendingum mismunandi vægi í útreikningum eftir mikilvægi. Þessu tengt var rætt í rýnihópum ráðuneytis og sveitarfélaga að sumar ábendingar í matsskýrslunum væru helst til smásmugulegar og ættu jafnvel að koma fram eingöngu í texta en ekki í tækifærum til umbóta. Talað var um að til bóta væri að forgangsraða ábendingum eða flokka eftir mikilvægi svo að mikilvæg atriði týndust ekki innan um minna mikilvæg atriði.

#### Kynningar á niðurstöðum

Nýtt fyrirkomulag hefur nýlega verið tekið upp við að kynna niðurstöður ytra mats fyrir skólum. Áður fóru matsaðilar í skólana og kynntu niðurstöður en tilraun hefur staðið yfir með að senda talglærur með niðurstöðum til að spara ferðalög og tíma. Fulltrúar í rýnihópi sveitarfélaga voru spurðir út í þetta nýja fyrirkomulag og voru þeir almennt jákvæðir gagnvart því en lögðu áherslu á að einnig yrði boðið upp á síma- eða skypefund eftir tiltekinn tíma til að skólarnir hefðu tækifæri til að koma með spurningar. Einnig bentu þeir á mikilvægi þess að fræðslufulltrúar sveitarfélagsins fengju líka talglærurnar sendar.

Sum sveitarfélög hafa óskað eftir að fá kynningu fyrir fræðslunefnd og hafa matsaðilar orðið við þeirri beiðni. Fram kom í máli fulltrúa sveitarfélaga í rýnihópi að þegar niðurstöður væru kynntar fyrir fræðslunefnd væri aðkoma matsaðila mjög mikilvæg af því að stundum þurfi að sannfæra fræðslunefndina, sem almennt þekkir ekki mikið til ytra matsins, um gæði og trúverðugleika þess.

#### Eftirfylgni niðurstaðna

Í öllum rýnihópum var lögð áhersla á mikilvægi eftirfylgni með niðurstöðum ytra mats. Var það almennt álit þeirra sem rætt var við að eftirfylgni mennta- og menningarmálaráðuneytis með ytra mati hafi aukist síðustu ár með því að umbótaáætlanir væru kallaðar inn frá öllum skólum og framfylgd umbótanna væri fylgt eftir með bréfaskriftum. Fannst viðmælendum þessi þróun mjög jákvæð bæði fyrir skólann og fræðsluyfirvöld í sveitarfélaginu. Létu samt flestir þátttakendur í rýnihópum í ljós þá skoðun að auka þurfi enn á eftirfylgni, a.m.k. með þeim skólum sem ekki eru að uppfylla lagaleg skilyrði. Bent var á að flokka þyrfti skólana út frá skilgreindum stoðþáttum og meta þörf þeirra fyrir eftirfylgni út frá því. Þeim skólum sem verst koma út yrði að fylgja eftir með öðrum og markvissari hætti en nú er gert og jafnvel að meta þá aftur að tveimur til fjórum árum liðnum.

Þátttakendur í rýnihópi sveitarfélaga tiltóku að með aukinni eftirfylgni ráðuneytisins hefði samstarf ráðuneytis og sveitarfélaga um eftirfylgni umbóta aukist. Bentu þeir þó á að misræmi væri í hversu oft ráðuneytið kallaði inn umbótaáætlun og óskuðu þeir eftir að fá að vita hvaða viðmið lægju þar til grundvallar. Einnig lögðu þeir til að sem hluti af eftirfylgni væri símtal frá matsaðilum við skóla að ákveðnum tíma liðnum til að halda þeim við efnið og veita þeim ráð.

### Framhald ytra mats

Að mati allra þátttakenda í rýnihópum er afar mikilvægt að haldið verði áfram með ytra mat á skólastarfi í því formi að fara inn í skólana og skoða starfið. Fram kom í máli þeirra að þróun skólakerfisins frá miðstýringu yfir í dreifstýringu og aukið sjálfstæði skóla geri ytra mat enn mikilvægara en áður ef ætlunin er að viðhalda jöfnuði í skólakerfinu. Bent var á að mat á skólastarfi, sem nær til fleiri þátta en námsmats, væri mikilvægur liður í stefnumótun stjórnvalda.

Nefndu fulltrúar ráðuneytisstarfsmanna í rýnihópi að það hafi verið mjög til bóta þegar matið var samræmt og settur um það skýr rammi því áður hafi úttektarskýrslurnar verið of ólíkar til að hægt hafi verið að draga saman heildarniðurstöður. Bentu þeir á að fyrir ráðuneytið væri mikilvægt að fá þá heildarsýn á skólakerfið sem ytra matið gæfi til að byggja frekari stefnumótun í menntamálum á. Lögðu þeir áherslu á að fjölga þyrfti árlegum úttektum því enn lægju tæplega nógu margir skólar undir í heildarmyndinni til að hægt væri að segja með vissu að grípa þurfi til aðgerða, þó vissulega væri byrjaður að myndast góður grunnur. Í hinum rýnihópunum var líka lögð áhersla á að fjölga þurfi skólum í ytra mati. Rætt var um að annað hvort þyrfti að leggja meira fjármagn í verkefnið og meta fleiri skóla á ári með núverandi hætti eða minnka umfang matsins og ná þannig að meta fleiri skóla á ári með því fjármagni sem fyrir liggur. Í því samhengi var rætt um að þematengdar úttektir sem tækju einn til tvo daga gætu gert mikið gagn og þá væri líka hægt að draga úr skýrsluskrifum.

Bentu fulltrúar í rýnihópi ráðuneytis á að ráðuneytið ætti að einskorða sig við að horfa á heildarmyndina og þyrfti því að koma sér út úr því að vera að fylgjast með einstaka skólum. Það fyrirkomulag sem unnið hefur verið eftir innan ráðuneytisins, að gera minnisblað um hvern skóla fyrir ráðherra til samþykktar, væri með útvistun ytra matsins til Menntamálastofnunar ekki lengur gott. Eðlilegra væri að innan Menntamálastofnunar yrði tekið saman árlegt yfirlit yfir metna skóla til upplýsingar fyrir ráðherra. Í því samhengi var einnig bent á að verkaskipting mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntamálastofnunar ætti að vera með þeim hætti að eftirfylgd umbóta væri hjá Menntamálastofnun þar sem þekking á matsniðurstöðum væri til staðar. Undantekning frá því væri ef um klárt lögbrot væri að ræða, þá væri eðlilegt að það kæmi inn á borð ráðuneytisins.

Fram kom í rýnihópi fulltrúa sveitarfélaga og matsaðila að ef ytra matið heldur áfram með svipuðum hætti þá skipti miklu máli að halda þeirri umbótamiðuðu nálgun sem matið hefur byggt á. Fulltrúar í rýnihópi sveitarfélaga bentu á að í samanburði við úttektir mennta- og menningarmálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla þá væri miklu meiri ánægja innan skólanna með þá aðferðafræði sem núverandi mat byggði á og sem afleiðing þess þá hefði það meiri og jákvæðari áhrif á þróun skólastarfs. Sögðu þeir að ef þessi umbótamiðaða hugsun yrði ekki áfram myndi verða erfiðara að koma á umbótum í skólunum því reynslan af fyrri úttektum ráðuneytisins hafi verið sú að skólar fóru í vörn og nýttu ekki matið nema takmarkað til umbóta. Nefndu þeir að í þeim skólum sem þeir þekktu til hefði ytra matinu verið tekið fagnandi og það hafi sannarlega verið nýtt til eflingar og þróun skólastarfsins. Í því

samhengi voru nefnd dæmi um aðgerðir sem skólar höfðu farið í, svo sem að auka fjölbreytni kennsluhátta, samkennslu bekkja, kennslu þvert á árganga og þátttöku foreldra í skólastarfinu.

Í einum rýnihóp var nefnt að ytra matið hefði almennt á sér gott orð en það hefði ekki háa stöðu innan kerfisins. Ef framhald yrði á því þyrfti að gera því hærra undir höfði og leggja vinnu í að kynna það fyrir skólum og almenningi og vera með meiri fréttir um matið á heimasíðu.

Í rýnihópunum var fólk á einu máli um mikilvægi þess að samstarf ráðuneytis og sveitarfélaga um ytra mat héldi áfram. Rætt var um að stór hluti sveitarfélaga á landinu hafi ekki burði til að fylgjast með starfsemi sinna skóla eða hafa með þeim virkt eftirlit og því væri ekki annað mögulegt í stöðunni en að stjórnarsýslustigin ynnu saman. Kom fram í einum rýnihópi að á þróunartímanum hafi vantað upp á skuldbindingu og stuðning ráðuneytisins við verkefnið á meðan Samband íslenskra sveitarfélaga hafi haldið mikilvægi þess mjög á lofti. Bent var á að ráðuneytið beri ábyrgð á skólakerfinu í heild sinni og geti því ekki afsalað sér ábyrgð á ytra mati. Þá var minnst á mikilvægi þess að matið næði jafnt til allra sveitarfélaga, þ.m.t. Reykjavíkurborgar.

Í rýnihópi ráðuneytisstarfsmanna var bent á að komið væri að tímamótum í verkefninu og taka þurfi ákvörðun til framtíðar um stjórn verkefnisins og fjármögnun, ekki væri hægt að reka verkefnið áfram eins og hingað til. Tímabært væri að setja ytra matið á formlegan og traustan grunn og gera það að fullvöxnu stjórnarsýslulegu hlutverki Menntamálastofnunar. Fulltrúar í rýnihópi sveitarfélaga töldu mikilvægt að fjármagn í verkefnið væri undir þeim verkefnum sem Jöfnunarsjóður styrkti sveitarfélög í að sinna. Þeir voru þeirrar skoðunar að matið þyrfti að vera skipun að ofan og skýr rammi þyrfti að vera um framkvæmd þess vegna þess að sveitarfélög væru með mörg verkefni á sinni könnu sem kölluðu á aukið fjármagn og ef kröfur væru ekki skýrar yrði matið alltaf í hættu að lenda aftarlega á forgangslista innan sveitarfélaga.

## Umræður og ábendingar

Í skýrslu OECD frá 2013 kemur fram að stjórnvöld og menntayfirvöld í aðildarríkjum OECD noti almennt víðtækari nálgun við að leggja mat á gæði skólastarfs en áður þegar matið beindist fyrst og fremst að námsmati<sup>11</sup>. Nú beini þau í auknum mæli sjónum sínum að þáttum í skólastarfi eins og mati á kennurum, skólastjórnendum, skólum og menntakerfi. Í annarri OECD skýrslu frá 2016 þar sem fjallað er um stöðu og horfur í menntastefnu Íslands kemur fram að ein af megin áskorunum fyrir stefnumótun í menntamálum á Íslandi sé að tryggja jöfnuð og gæði í skólakerfinu með því að gera skóla hæfari til að efla námshvöt nemenda svo þeir geti bætt frammistöðu sína og lokið námi á tilskildum tíma<sup>12</sup>. Þessar áherslur OECD renna stoðum undir mikilvægi kerfisbundins ytra mats til að koma auga á annars vegar þá skóla sem eru að gera vel og geta verið öðrum til eftirbreytni og hins vegar þá skóla sem þurfa frekari stuðning og eftirfylgni.

Þær niðurstöður sem hér eru kynntar gefa til kynna að hagsmunaaðilum sem reynslu hafa af ytra mati á grunnskólum, þ.e. skólastjórum, kennurum og fræðslufulltrúum sveitarfélaga, finnist almennt matið nýttast vel til umbóta og stuðla að skólaþróun. Af svörum skólastjóra og kennara að dæma hefur ytra matið áhrif til eflingar innra mats, til endurskoðunar og breytinga á kennsluháttum og til bættra stjórnunarháttanna þó vissulega sé ástæða til að leita leiða til að auka áhrif ytra matsins á þessa þætti enn meira. Byggt á þessum niðurstöðum tekur skýrsluhöfundur þá afstöðu að ástæða sé til að halda áfram að meta grunnskóla með svipuðum hætti þó tímabært sé að endurskoða fyrirkomulag og framkvæmd matsins og festa það í sessi. Helstu ábendingar þar að lútandi eru eftirfarandi:

### *Stjórnun og framtíðarfyrirkomulag ytra mats*

Taka þarf ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag og fjármögnun ytra mats á grunnskólum og skilgreina hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu þeirra stjórnarsýslustiga og stofnana sem að matinu standa. Í því samhengi er þörf á að taka afstöðu til hvort fjölga megi árlegum úttektum, a.m.k. þar til lokið hefur verið við að meta alla grunnskóla á landinu einu sinni. Til að fá heildarmynd af skólastarfi á landinu þarf að huga að því að ytra matið nái til allra skóla á landinu, þ.m.t. grunnskóla í Reykjavík.

### *Viðmið og vísbendingar*

Í áðurnefndri skýrslu OECD (2016) um stöðu og horfur í menntastefnu Íslands kemur fram að ein af megináskorunum fyrir stefnumótun í menntamálum sé að þróa samræmdan ramma fyrir innra og ytra mat<sup>13</sup>. Byggt á þessum ábendingum og því sem fram kom í rýnihópum er brýnt að leggja áherslu á að endurskoða og lagfæra viðmið og vísbendingar fyrir ytra mat og hafa í huga við þá endurskoðun að þau geti einnig nýst skólum við innra mat. Til að byggja upp sátt um viðmiðin og vilja skólasamfélagsins til að hafa þau sem leiðarljós í skólastarfi þarf að

<sup>11</sup> OECD (2013). Synergies for Better Learning. An international perspective on evaluation and assessment.

<sup>12</sup> OECD (2016). Education policy outlook: Iceland

<sup>13</sup> OECD (2016). Education policy outlook: Iceland

huga að þátttöku allra helstu hagsmunahópa við þá vinnu. Að endurskoðun lokinni er mikilvægt að kynna viðmiðin vel fyrir stjórnendum og kennurum til að stuðla að aukinni notkun þeirra.

### *Framkvæmd ytra mats*

Tímabært er að endurskoða framkvæmd ytra matsins í ljósi reynslunnar og nýrra rannsókna. Lagt er til að settur verði saman starfshópur hagsmunaaðila í þeim tilgangi að fara yfir ábendingar, sem fram koma í seinni hluta þessarar skýrslu, um framkvæmd matsins og framsetningu á niðurstöðum. Einnig þarf að líta til niðurstaðna í fyrri hluta skýrslunnar og skoða hvernig hægt er í gegnum matið, framsetningu á niðurstöðum og eftirfylgni með umbótum að efla skólastjórnendur sem faglega forystuaðila í skólum og auka þannig enn áhrif ytra matsins. Þá er bent á að líta til ábendinga sem fram koma í áðurnefndri skýrslu OECD frá 2013 en þær byggja á yfirgripsmikilli rannsókn og rannsóknarsamantekt sem mikilvægt er að hafa til hliðsjónar við endurskoðun framkvæmdarinnar<sup>14</sup>. Gæta þarf að því að sú umbótamiðaða nálgun sem ytra matið hefur byggt á haldist.

### *Mat á kennurum við kennslu*

Í framangreindri skýrslu OECD (2016) um stöðu og horfur í menntastefnu Íslands kemur fram að Ísland sé eitt fárra landa innan OECD sem ekki hefur komið á formlegu kerfi fyrir mat á kennurum í starfi innan skólastofunnar<sup>15</sup>. Sem viðbrögð við þessari ábendingu frá OECD er hér bent á að ein leið til að auka þekkingu og hæfni skólastjórna til að fylgjast markvisst með kennslu og veita kennurum endurgjöf er að virkja þá til þátttöku í mati á kennslustundum og endurgjöf til kennara á meðan ytra matið fer fram í þeirra skóla. Lagt er til að slíkt fyrirkomulag verði prófað í tilraunaskyni.

### *Eftirfylgni ytra mats*

Til að ytra matið skili sem mestum árangri er mikilvægt að eftirfylgni með umbótum sé markviss og það sé tengt stuðningskerfi fyrir þá skóla og sveitarfélög sem á þurfa að halda. Skilgreina þarf með skýrari hætti hvernig eftirfylgni og stuðningi við skóla verður háttað og skilgreina hlutverk og ábyrgðarskiptingu mennta- og menningarmálaráðuneytis og sveitarfélaga í því samhengi. Gera þarf formlegt mat á getu sveitarfélaga til að annast stuðning við skóla vera þeim faglegt bakland.

---

<sup>14</sup> Sjá: OECD (2013). Synergies for Better Learning. An international perspective on evaluation and assessment. Kafli 6. School evaluation: From compliancy to quality

<sup>15</sup> OECD (2016). Education policy outlook: Iceland

## Heimildir

Björk Ólafsdóttir. (2012). *Ytra mat á grunnskólum: Tilraunaverkefni. Heildarniðurstöður fyrir skólaárið 2011/12*. Sótt af heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga 7. ágúst 2016.

Slóðin er: <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Heildarskyrsla-tilraunaverkefnis-um-ytra-mat.pdf>

Faghópur um gæðaviðmið í grunnskólastarfi. (2011). *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*. Sótt af heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga 7. ágúst 2016.

Slóðin er: <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Skjal-III-Vidmid-um-ytra-mat.pdf>

Faghópur um ytra mat á grunnskólum. (2011). *Ytra mat á grunnskólum. Tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra og skólamálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga um tilhögun á ytra mati í grunnskólum*. Sótt af heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga 7. ágúst 2016.

Slóðin er: [http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Tillogur-faghops\\_a-heimasidu.pdf](http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Tillogur-faghops_a-heimasidu.pdf)

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

OECD. (2013). *Synergies for Better Learning. An international perspective on evaluation and assessment. OECD Reviews of Evaluation and Assessment in Education*. Organization for economic co-operation and development.

OECD. (2016). *Education policy outlook: Iceland*. Sótt af heimasíðu OECD 10. ágúst 2016.

Slóðin er: <http://www.oecd.org/iceland/Education-Policy-Outlook-Country-Profile-Iceland.pdf>

Reykjavíkurborg. (e.d.). *Mat á skóla- og frístundastarfi*. Sótt á heimasíðu Reykjavíkurborgar 7. ágúst 2016.

Slóðin er: <http://reykjavik.is/mat-skola-og-fristundastarfi>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2014). *Skólaskýrsla 2014*. Sótt á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga 7. ágúst 2016. Slóðin er:

[http://www.samband.is/media/skolaskyrsla/Skolaskyrsla2014\\_Til-birtingar.pdf](http://www.samband.is/media/skolaskyrsla/Skolaskyrsla2014_Til-birtingar.pdf)